



# ÁRSSKÝRSLA 2007

Háskólinn á Akureyri

ÁRSSKÝRSLA 2007

Háskólinn á Akureyri

# EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| Stjórn og skipurit | bls. 4 |
| Formáli rektors | bls. 5 |
| Nemendafjöldi | bls. 6 |
| Starfsmenn | bls. 7 |
| Gæðamál | bls. 8 |
| Góðvinir Háskólans á Akureyri | bls. 9 |
| Tuttugu ára afmæli Háskólans á Akureyri | bls. 10 |
| Félagsvísinda- og lagadeild | bls. 12 |
| Heilbrigðisdeild | bls. 14 |
| Kennaradeild | bls. 17 |
| Viðskipta- og raunvísindadeild | bls. 20 |
| Markaðs- og kynningarsvið | bls. 25 |
| Fjármála,- starfsmanna- og rekstrarsvið | bls. 25 |
| Nemendur og deildir | bls. 26 |
| Kennslusvið | bls. 27 |
| Fjarnám | bls. 28 |
| Símenntun | bls. 30 |
| RHA, Rannsókna- og þróunarmiðstöð HA | bls. 31 |
| Upplýsingasvið | bls. 33 |
| Félag stúdenta við HA | bls. 34 |
| Félagsstofnun stúdenta við HA | bls. 35 |
| Matvælasetur HA | bls. 36 |
| Ferðamálasetur Íslands | bls. 40 |
| Samningar,helstu gjafir til HA og styrkir | bls. 43 |
| Fréttapunktar | bls. 46 |
| Ársreikningur | bls. 48 |
| Brautskráning | bls. 50 |
| Brautskráningarræða rektors | bls. 51 |
| Brautskráðir – listi | bls. 55 |
| Lokaverkefni | bls. 56 |



Útgefandi: **Háskólinn á Akureyri 2008.** Ritstjórn: **Guðrún María Kristinsdóttir** og **Laufey Sigurðardóttir.**

Ljósmyndir: **Gísli Dúa Hjörleifsson**, **Ljósmyndastofa Páls A. Pálssonar og fleiri.** Lestur handrits: **Bragi Guðmundsson.**

Hönnun:**Stíll.** Prentvinnsla: **Ásprent.**




# STJÓRN

Háskólaráð fer með æðsta vald innan háskólans. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra, einn fulltrúi nemenda og rektor sem er formaður. Háskólaráð hélt 11 fundi á árinu 2007.

Framkvæmdastjórn er háskólaráði til ráðgjafar. Í henni eiga sæti rektor, framkvæmdastjóri og deildarforsetar. Gæðaráð var sett á laggirnar í október 2006. Í gæðaráði eiga sæti rektor, framkvæmdastjóri, deildarforsetar, gæðastjóri, einn fulltrúi starfsmanna og einn fulltrúi nemenda.

**Háskólaráð var skipað eftirtöldum fulltrúum til og með júlí 2007:**

Þorsteinn Gunnarsson rektor
Anna Þóra Baldursdóttir lektor, fulltrúi kennara
Baldur Guðnason framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Ingibjörg Elíasdóttir aðjúnkt, fulltrúi kennara
Hjálmar Stefán Brynjólfsson, fulltrúi nemenda.

Til vara:
Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor, fulltrúi kennara
Steinþór Þorsteinsson, fulltrúi nemenda
Sigrún Sveinbjörnsdóttir dósent, fulltrúi kennara.

**Háskólaráð var skipað eftirtöldum fulltrúum frá og með ágúst 2007:**

Þorsteinn Gunnarsson rektor
Baldur Guðnason framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Hjálmar Stefán Brynjólfsson, fulltrúi nemenda
Sólveig Ása Árnadóttir lektor, fulltrúi kennara
Þóroddur Bjarnason prófessor, fulltrúi kennara

Til vara:
Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Sara Halldórsdóttir, fulltrúi nemenda
Finnur Friðriksson aðjúnkt, fulltrúi kennara
Hrefna Kristmannsdóttir prófessor, fulltrúi kennara.

**Rektor**
Þorsteinn Gunnarsson.
Guðmundur Heiðar Frímannsson gegndi starfi rektors um sex mánaða skeið á árinu er Þorsteinn var fjarverandi vegna veikinda.

**Framkvæmdastjóri**
Ólafur Halldórsson

**Gæðastjóri**
Sigrún Magnúsdóttir

**Deildarforsetar**
Félagsvísinda- og lagadeild: Elín Díanna Gunnarsdóttir til maí 2007 en þá tók Sigurður Kristinsson við starfinu.

**Heilbrigðisdeild:** Hermann Óskarsson.

**Kennaradeild:** Guðmundur Heiðar Frímannsson hætti formlega sem deildarforseti kennaradeildar 1. ágúst 2007. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson gegndi starfi deildarforseta frá 1. maí til 31. júlí er Guðmundur gegndi starfi rektors. Kristín Aðalsteinsdóttir var síðan deildarforseti frá 1. ágúst 2007.

**Viðskipta- og raunvísindadeild:** Eyjólfur Guðmundsson til 1. ágúst en þá tók Bjarni Hjarðar við starfinu.

**Forstöðumenn háskólaskrifstofu**

**Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið:** Úlfar Hauksson

**Kennslusvið:** Laufey Petrea Magnúsdóttir

**Markaðs- og kynningarsvið:** Jóna Jónsdóttir

**RHA – Rannsókna- og þróunarmiðstöð:** Jón Ingi Benediktsson

**Upplýsingasvið:** Astrid M. Magnúsdóttir.





ÞORSTEINN GUNNARSSON

# FORMÁLI REKTORS

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi og þróun háskólans á ýmsum sviðum á árinu 2007. Eins og oft áður einkenndist árið af mikilli uppbyggingu og breytingum. Rannsóknastarf kennara, sérfræðinga og annarra fræðimanna efldist mikið sem sést meðal annars á síaukinni rannsóknavirkni og vaxandi fjölda rannsóknastyrkja. Fjarnám og símenntun styrktist jafnframt. Ýmsar starfseiningar háskólans tóku virkan þátt í starfsemi á vegum Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Í byrjun ársins 2007 samþykkti háskólaráð stefnu Háskólans á Akureyri 2007–2011. Í stefnunni kemur fram sú framtíðarsýn að Háskólinn á Akureyri verði alþjóðlega viðurkennd menntastofnun sem skari fram úr á völdum fræðasviðum. Þar verði eftirsóknarvert þekkingarsamfélag sem leggur áherslu á öflugar rannsóknir og krefjandi námsumhverfi þar sem nemendur eru settir í öndvegi. Jafnframt eru skilgreind fimm eftirfarandi yfirmarkmið sem varða leiðina að framtíðarsýninni:

- Krefjandi og styðjandi námsumhverfi
- Öflugt rannsóknastarf
- Virk tengsl við samfélagið
- Alþjóðlegt samstarf
- Skilvirk skipulagsheild

Meðal helstu aðgerða í stefnunni er að byggja upp háskólasvæðið og flytja þangað alla starfsemi háskólans, auka gæði í allri starfsemi, setja nemendur í öndvegi hvað varðar nám og þjónustu og auka námsframboð í fjarnámi og framhaldsnámi. Þessi stefnumótun háskólans varð síðan grunnur að kennslu- og rannsóknasamningi við menntamálaráðuneyti sem menntamálaráðherra og rektor undirrituðu í desember 2007. Meginmarkmið þess samnings er að skapa forsendur fyrir því að Háskólinn á Akureyri öðlist viðurkenningu sem háskóli á heimsmælikvarða á skilgreindum fræðasviðum. Eftir þessa vinnu við stefnumótun og samningagerð stóð eftir enn öflugri háskóli með rekstur í jafnvægi.

Á árinu var haldið upp á 20 ára afmæli háskólans með ýmsum hætti sem nánar er greint frá hér í ársskýrslunni. Kennsla hófst við Háskólann á Akureyri í fyrsta sinn þann 5. september 1987. Brautskráðir nemendur háskólans eru nú alls rúmlega 2400. Þeir starfa í öllum greinum samfélagsins, mörgum af öflugustu fyrirtækjum landsins, stofnunum og félagasamtökum. Fullyrða má að háskólinn hefur haft mikil áhrif á íslenskt samfélag á ævi sinni og lagt mikið af mörkum til þeirra hraðfara breytinga sem átt hafa sér stað á undanförnum árum.

**„Kennsla hófst við Háskólann á Akureyri í fyrsta sinn þann 5. september 1987. Brautskráðir nemendur háskólans eru nú alls rúmlega 2400."**

Ég vil þakka Laufeyju S. Sigurðardóttur og Guðrúnu M. Kristinsdóttur, ritstjórum ársskýrslunnar, fyrir vel unnin störf og allir þeir fjölmörgu sem lögðu til efni í skýrsluna eða aðstoðuðu við gerð hennar með öðrum hætti fá einnig mínar bestu þakkir.



Þorsteinn Gunnarsson, rektor

# NEMENDAFJÖLDI

Alls voru 1342 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2007. Í staðarnám voru skráðir 694 nemendur og 423 í fjarnám. Auk þess stunduðu 225 nemendur framhaldsnám. Um 80 umsækjendum var synjað um skólavist.

**Heildarfjöldi nemenda**







**Nemendur haustmisseri 2007**

karlar konur



Háskólinn á Akureyri

# STARFSMENN

Í lok árs 2007 voru 189 fastir starfsmenn við Háskólann á Akureyri. Lausráðnir stundakennarar, prófdómarar, prófgæslu-, nefndar- og aðrir tímavinnustarfsmenn eru ekki meðtaldir en þeir voru 794 í lok ársins. Starfsmenn voru því samtals 983. Stærsti hópur háskólamenntaðs starfsfólks er í Félagi háskólakennara á Akureyri (FHA) samtals 144, 14 í Félagi prófessora, 23 í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) og 8 eru utan félaga. Í FHA voru 18 dósentar, 50 lektorar, 25 aðjúnktar og annað háskólamenntað starfsfólk 51.

Samninganefnd ríkisins gerir kjarasamninga við FHA og SFR fyrir hönd fjármálaráðherra.

**Á árinu fengu eftirtaldir starfsmenn hæfisdóma:**

Ársæll Már Arnarsson, lektor við félagsvísinda- og lagadeild

Árún K. Sigurðardóttir, dósent við heilbrigðisdeild

Elín Díanna Gunnarsdóttir, dósent við félagsvísinda- og lagadeild

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við viðskipta- og raunvísindadeild

Timothy John Murphy, dósent við félagsvísinda- og lagadeild




| Fastir starfsmenn | Karlar | Konur | Alls |
|---|---|---|---|
| Prófessorar | 16 | 2 | 18 |
| Dósentar | 13 | 6 | 19 |
| Lektorar | 23 | 29 | 52 |
| Aðjúnktar | 9 | 16 | 25 |
| Sérfræðingar | 8 | 12 | 20 |
| Skrifstofufólk | 14 | 28 | 42 |
| Aðrir | 4 | 9 | 13 |
| **Alls** | **87** | **102** | **189** |

# GÆÐAMÁL

Umsóknir Háskólans á Akureyri um viðurkenningu á þremur fræðasviðum sem skilað var til menntamálaráðuneytisins 1. september 2007 voru tvímælalaust stærsta verkefni ársins í gæðamálum. Um var að ræða umsóknir um viðurkenningar á sviði auðlinda- og búvísinda, félagsvísinda og heilbrigðisvísinda. Mikill undirbúningar fór fram innan háskólans sem fjölmargir komu að. Þorsteinn Gunnarsson rektor skipaði stýrihóp sem leiddi undirbúning og framkvæmd umsóknarferlisins og skipulagði stoðþjónustu og ráðgjöf við deildir, fræðasvið og starfsmenn eftir því sem þörf var fyrir. Stýrihópinn skipuðu Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við kennaradeild, Laufey Petrea Magnúsdóttir, forstöðumaður kennslusviðs og Sigrún Magnúsdóttir, gæðastjóri. Laufey var formaður stýrihópsins þar til hún fór í starfsleyfi í byrjun sumars en þá tók Sigrún við formennskunni. Tengiliðir fræðasviða voru einnig skipaðir en það voru Birgir Guðmundsson, lektor fyrir félagsvísindi, Hermann Óskarsson, deildarforseti fyrir heilbrigðisvísindi og Hreiðar Þór Valtýsson, fyrir auðlinda- og búvísindi. Tengiliðirnir störfuðu náið með stýrihópnum og náðist þar með ákveðið samræmi og heildarsýn yfir umsóknarferlið og hagræðing, því mikið af efni umsóknanna var eins fyrir öll fræðasviðin eins og vegna innra gæðakerfis og fjárhags svo eitthvað sé nefnt. Á haustmisseri komu úttektarnefndir fyrir fræðasviðin þrjú í háskólann, skipaðar erlendum sérfræðingum, skoðuðu aðstöðu og funduðu með fulltrúum yfirstjórnar, starfsmanna, atvinnulífsins og nemenda bæði núverandi og fyrrverandi. Þá var húsnæði háskólans og aðstaða einnig skoðuð.

Við háskólann starfar gæðaráð sem heldur fundi einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Sæti í gæðaráði eiga rektor, deildarforsetar, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs (frá hausti 2007), einn fulltrúi starfsmanna háskólans og annar frá nemendum. Rektor er formaður ráðsins. Gæðaráð hélt alls níu fundi árið 2007. Árið 2007 áttu sæti í ráðinu: Þorsteinn Gunnarsson rektor, Guðmundur Heiðar Frímannsson, deildarforseti kennaradeildar og staðgengill rektors, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, staðgengill deildarforseta kennaradeildar, Kristín Aðalsteinsdóttir, deildarforseti kennaradeildar, Hermann Óskarsson, deildarforseti heilbrigðisdeildar, Elín Díanna Gunnarsdóttir, deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar, Sigurður Kristinsson, staðgengill deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar og síðar deildarforseti sömu deildar, Eyjólfur Guðmundsson, deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar, Bjarni Hjarðar, deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar, Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri, Stefán Jóhannsson, forstöðumaður kennslusviðs, Þóroddur Bjarnason prófessor, fulltrúi starfsmanna, Kristján Kristjánsson prófessor, varamaður fulltrúa starfsmanna, Reynir Albert Þórólfsson, fulltrúi nemenda, Hjalti Þór Hreinsson, fulltrúi nemenda, Steinþór Þorsteinsson, varamaður fulltrúa nemenda.

Á fundi sínum 25. maí 2007 samþykkti háskólaráð Gæðakerfi Háskólans á Akureyri sem tekur mið af ákvæðum Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area. Gæðakerfið byggir á stefnu háskólans fyrir árin 2007-2011 og lýsir aðferðafræði við gæða- og umbótastarf innan háskólans. Þar er vísað til reglna, samþykkta og úrræða í þeim málaflokkum sem mikilvægastir eru fyrir starfsemi háskólans og skoðaðir eru við úttektir.

Í gæðakerfi háskólans er gert ráð fyrir að starfseiningar hans fari reglulega í gegnum EFQM sjálfsmat. Carol Steed frá Sheffield Hallam University í Bretlandi var fengin sem ráðgjafi til að stýra því í fyrsta sinn en hún er höfundur að útgáfu sjálfsmatskerfisins sem er sérstaklega hannað fyrir háskóla, EFQM Excellence Model® : Higher Education Version 2003. Yfirstjórn fór í gegnum þetta fyrsta sjálfsmat sem fór fram 2.-3. maí að Öngulsstöðum í Eyjafirði og gekk vel.

Sigrún Magnúsdóttir gegndi starfi gæðastjóra með starfi sínu sem forstöðumaður upplýsingasviðs þar til 1. mars 2007 eftir að ákveðið var að starf gæðastjóra skyldi vera fullt starf til reynslu í eitt ár og var Sigrún ráðin í starfið.





# GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans. Markmið samtakanna eru að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu skólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir m.a. með því að innheimta félagsgjöld, efna til endurfunda og útskriftarveislu, heiðra afburðanemendur við brautskráningu og safna fjármagni frá fyrirtækjum.

Aðalfundur fyrir árið 2007 var haldinn 22. janúar 2008. Í skýrslu stjórnar, sem Jóna Jónsdóttir, formaður stjórnar kynnti, kom fram að á árinu 2007 var unnið að mörgum góðum verkefnum. Unnið var að öflun félaga í fyrirtækjatal, veitt voru heiðursverðlaun við brautskráningu, haldin var brautskráningarveisla og endurfundir. Háskólanum var gefinn flatskjár í tilefni af 20 ára afmæli skólans og í lok ársins var gefið út fréttabréf sem sent var til allra félagsmanna og afmælisárganga.

> „Góðvinir heiðra árlega við brautskráningu einn nemanda frá hverri deild".

Góðvinir heiðra árlega við brautskráningu einn nemanda frá hverri deild. Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannaði og smíðaði sérstaklega fyrir Góðvini. Eftir tilnefningar frá deildarforsetum vorið 2007 voru valdir eftirtaldir einstaklingar sem sýndu góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám.

Auðlindafræði: Hörður Sævaldsson
Félagsfræði: Andrea S. Hjálmsdóttir
Hjúkrunarfræði: Soffía S. Jónasdóttir
Kennarafræði: Anna Sólveig Ingvadóttir
Lögfræði: Leena-Kaisa Viitanen
Viðskiptafræði: Sara Pálsdóttir
Tölvunarfræði: Davíð Steinar Guðjónsson

Sérstök heiðursverðlaun fékk Þuríður Jónasardóttir sem útskrifaðist úr samfélags- og hagþróunarfræði og starfaði í stjórn Góðvina vorið 2007.

Þann 9. júní 2007, að kvöldi brautskráningardags, efndu Góðvinir í samstarfi við FSHA til endurfunda og útskriftarveislu í Sjallanum á Akureyri. Var þetta í annað sinn sem slík hátíð var haldin. Dagskráin hófst með fordrykk og síðan var borin fram þríréttuð máltíð. Flutt voru ávörp og skemmtiatriði og farið var í samkvæmisleiki. Mesta athygli vakti Marimba sveitin frá Hafralækjarskóla sem spilaði nokkur lög á ásláttarhljóðfæri fyrir gestina. Dagskránni lauk með dansleik þar sem hljómsveitin Bermúda spilaði. Veislustjóri var Þórhallur Þórhallsson sem var kjörinn fyndnasti maður ársins 2007. Er það stefna Góðvina að samkoma sem þessi verði árlegur viðburður.

Í febrúar 2007 hófst vinna við að koma upp fyrirtækjatali Góðvina sem er hliðstætt félagatalinu. Haft var samband við u.þ.b 80 fyrirtæki og félagasamtök sem hafa höfuðstöðvar á Akureyri og þeim boðin aðild. Eftirtaldir þáðu boðið: Bakaríið við Brúna, Eining-Iðja, Félag verslunar- og skrifstofufólks, Framtal sf., Halldór Ólafsson ehf., Höldur ehf., MS á Akureyri, Pedromyndir, Raftákn og Vörubær.

**Í stjórn Góðvina árið 2007 störfuðu eftirtaldir:**

Eva Hrund Einarsdóttir varaformaður
Hermann Óskarsson meðstjórnandi og fulltrúi háskólaráðs
Jóna Jónsdóttir formaður
Rúnar Þór Sigursteinsson gjaldkeri
Þuríður Jónasardóttir á fyrri hluta ársins og
Reynir Albert Þórólfsson á þeim síðari,
ritarar og fulltrúar frá nemendum HA.

# TUTTUGU ÁRA AFMÆLI HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Háskólinn á Akureyri var settur í fyrsta sinn þann 5. september 1987 og fagnaði hann því 20 ára afmæli sínu á þessu ári. Fyrsti rektorinn var Haraldur Bessason og fyrsta haustið var boðið upp á nám í tveimur deildum, heilbrigðisdeild og rekstrardeild. Það voru 13 nemendur sem stunduðu nám í hjúkrunarfræði og 35 nemendur í iðnrekstrarfræði. Fastráðnir starfsmenn voru fjórir.

Frá upphafi hefur vöxtur háskólans verið hraður og mikilvægi hans fyrir bæjarfélagið hefur aukist ár frá ári. Námsframboð hefur aukist jafnt og þétt, nemendum og starfsfólki hefur fjölgað, stofnað hefur verið til samstarfs við fjölmarga aðila, stofnanir og fyrirtæki og aðstaða fyrir háskólasamfélagið byggst upp á Sólborg. Á tuttugu ára afmæli háskólans voru nemendur um 1350 og fastráðnir starfsmenn um 180.

Á 20 ára afmælisdaginn var nemendum og starfsfólki boðið í afmæliskaffi í kaffiteríu háskólans á Sólborg og í Þingvallastræti þar sem kennaradeild er til húsa. Veisla í tilefni afmælisins var síðan haldin laugardaginn 8. september með tilheyrandi hátíðardagskrá sem hófst með hringingu Íslandsklukkunnar á lóð háskólans. Margt gesta var við athöfnina, m.a. ráðherrar mennta-, utanríkis- og samgöngumála, alþingismenn, bæjarstjórinn á Akureyri og rektorar þriggja annarra háskóla. Einnig voru meðal viðstaddra tveir brautryðjenda háskóla á Akureyri, þeir Ingvar Gíslason og Sverrir Hermannsson en sá síðarnefndi ákvað sem menntamálaráðherra í júní 1987 að kennsla á háskólastigi hæfist á Akureyri um haustið. Skrifað var undir samstarfssamninga við Eimskip, Glitni og KEA, auk þess sem skrifað var undir viljayfirlýsingu um samstarf við Háskólasetur Vestfjarða. Nýtt merki fyrir háskólann var kynnt en það er hannað af Atla Hilmarssyni og glerlistaverkið Spor eftir Sigríði Ásgeirsdóttur var afhjúpað á Borgum.

> „Veisla í tilefni afmælisins var síðan haldin laugardaginn 8. september með tilheyrandi hátíðardagskrá.“

**Á afmælisárinu**

Stefna Háskólans á Akureyri 2007–2011 var samþykkt af háskólaráði þann 26. febrúar 2007. Í stefnunni er sett fram eftirfarandi framtíðarsýn: „Að Háskólinn á Akureyri verði alþjóðlega viðurkennd menntastofnun sem skari fram úr á völdum fræðasviðum. Þar verði eftirsóknarvert þekkingarsamfélag sem leggi áherslu á öflugar rannsóknir og krefjandi námsumhverfi þar sem nemendur eru settir í öndvegi.“ Ætlunin er að auka þjónustu við nemendur og starfsmenn, sameina starfsemi háskólans á einum stað, fjölga nemendum í rannsóknatengdu framhaldsnámi og byggja upp vísindagarða á háskólasvæðinu.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var viðstödd er stefnan var kynnt þann 21. mars. Hún sagði stefnuna metnaðarfulla og gott veganesti fyrir háskólann. Hún notaði tækifærið og heimilaði háskólanum að eiga hlut í Þekkingarvörðum ehf., en það er í fyrsta sinn sem Háskólinn á Akureyri á hlut í einkahlutafélagi. Þekkingarvörður ehf. undirbýr uppbyggingu vísindagarða á háskólasvæðinu, en þar er m.a. til húsa RES - Orkuskóli sem starfræktur er í samvinnu við Háskólann á Akureyri og tók formlega til starfa þann 9. maí 2007.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnaði nýja heimasíðu Háskólans á Akureyri þann 21. mars. Meðal nýjunga á heimasíðunni er möguleiki til að skipta um bakgrunnslit á lesmáli. Þessi möguleiki er hugsaður fyrir lesblinda sem oft eiga í erfiðleikum með að lesa lengi af hvítum bakgrunni. Einnig er möguleiki á að setja inn lýsingu með myndum sem hljóðgervlar blindra geta lesið og er vefurinn þannig gerður notendavænn fyrir blinda og sjónskerta.

Þann 29. mars var ljósmyndasýningin **20 brautskráðir nemendur** opnuð við hátíðlega athöfn í flugstöðinni á Akureyri. Á sýningunni voru 20 ljósmyndir af 20 brautskráðum nemendum Háskólans á Akureyri og var sagt frá afdrifum þeirra eftir námið í texta við hverja mynd. Sýningin var unnin af nemendum á 2. ári í fjölmiðlafræði undir stjórn Marcus Meckl lektors. Ragnhildur Aðalsteinsdóttir nemandi á 3. ári í fjölmiðlafræði tók ljósmyndirnar.

Öllum nemendum í 4. bekk grunnskólanna á Akureyri var boðið að taka þátt í teiknisamkeppni sem haldin var í samstarfi við myndlistarkennara hjá hverjum skóla. Óskað var eftir teikningum af Íslandsklukkunni sem stendur á háskólasvæðinu. Alls bárust á þriðja hundrað teikningar í samkeppnina. Úrslit voru tilkynnt á afmælisdaginn þann 5. september. Veitt voru þrenn verðlaun, auk viðurkenninga fyrir athyglisverðustu efnistök og framsetningu.

**Verðlaun og viðurkenningar hlutu eftirtaldir:**

Birkir Andri Stefánsson Glerárskóla. Verðlaun fyrir frumlegustu litanotkunina.

Arnþór Ó. Hulduson Oddeyrarskóla. Verðlaun fyrir tjáningarríkustu myndina.

Sunna Guðný Sverrisdóttir Glerárskóla. Verðlaun fyrir sterkustu frásögn og túlkun á viðfangsefninu.

Tinna Karen Fylkisdóttir Síðuskóla. Sérstök viðurkenning fyrir góða myndbyggingu.

Fjölnir Unnarsson Oddeyrarskóla. Sérstök viðurkenning fyrir athyglisverða myndbyggingu.

Ingibjörg Vincentsdóttir Lundarskóla. Sérstök viðurkenning fyrir athyglisverða lágmynd.

Baldvin Kári Magnússon Glerárskóla. Sérstök viðurkenning fyrir athyglisverða framsetningu á viðfangsefninu.

Þorsteinn Kristjánsson Brekkuskóla. Sérstök viðurkenning fyrir athyglisverða framsetningu á viðfangsefninu.

Stefán Ármann Hjaltason Oddeyrarskóla. Sérstök viðurkenning fyrir athyglisverða túlkun.

Sýning á öllum myndunum sem bárust í samkeppnina var haldin á bókasafni háskólans frá 5. september til 5. október 2007.



Kristín Geirsdóttir og Vigdís Hjaltadóttir skera afmæliskökuna

Hljómsveitin Háskólabandið gaf út hljómdisk í tilefni af 20 ára afmæli háskólans og fimm ára afmæli hljómsveitarinnar. Diskurinn nefnist Vettvangur draumanna og eru á honum níu lög. Í hljómsveitinni, sem er skipuð starfsmönnum háskólans að stærstum hluta, eru: Árni Jóhannsson bassi, Birgir Guðmundsson kassagítar, söngur og raddir, Matthías Henriksen trommur og slagverk, Solveig Hrafnsdóttir söngur og Stefán Jóhannsson rafgítar, söngur og raddir.

# FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD

Á haustmisseri 2007 voru 246 nemendur skráðir til náms í félagsvísinda- og lagadeild. Boðið var upp á þriggja ára B.A.-nám í fjölmiðlafræði, lögfræði, nútímafræði, samfélags- og hagþróunarfræði, sálfræði og (í fyrsta sinn) þjóðfélagsfræði. Einnig var boðið upp á tveggja ára nám á meistarastigi í lögfræði sem leiðir til prófgráðunnar magister legis (M.L.). Alls stunduðu 23 nám í fjölmiðlafræði, 20 í nútímafræði, 18 í samfélags- og hagþróunarfræði, 76 í sálfræði og 15 í þjóðfélagsfræði. Þá stunduðu 93 nemendur nám í lögfræði, þar af 66 í B.A.-námi og 27 í M.L. námi. Nám við félagsvísinda- og lagadeild er alþjóðatengt og kennt er í deildinni bæði á íslensku og ensku. Kennarar við félagsvísinda- og lagadeild í fullu starfi voru 12 og kennarar í hlutastarfi 11, auk fjölmargra íslenskra og erlendra stunda-, skipti- og gistikennara.

Vorið 2007 brautskráðist 61 nemandi með B.A.-próf frá deildinni, þar af 10 í fjölmiðlafræði, 14 í lögfræði, 1 í nútímafræði, 9 í samfélags- og hagþróunarfræði, 25 í sálfræði og 2 með tvöfalt B.A.-próf í nútímafræði og samfélags- og hagþróunarfræði.

Kennarar félagsvísinda- og lagadeildar sinna rannsóknum á ýmsum sviðum hug- og félagsvísinda. Meðal fjölþjóðlegra rannsóknarverkefna á árinu 2007 má nefna stjórn og þátttöku í samstarfsverkefnunum European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs, 2006 – 2010, Health Behaviours in School-Aged Children, 2005 – 2009, European Island Societies, 2006 – 2009, Áfengisneysla íslenskra unglinga, 2005 – 2007. Einnig má nefna rannsóknasamstarf við National Institute on Ageing og National Eye Institute í Bethesda og Ophthalmology and Visual Sciences við Wisconsin háskóla í Bandaríkjunum, sem og University of Ottawa Eye Institute í Kanada og Kanazawa Medical University í Japan. Kennarar deildarinnar eru í víðtæku rannsóknasamstarfi við einstaka erlenda háskóla, þar á meðal við á þriðja tug háskóla vegna rannsókna á málefnum norðurslóða.

Á árinu 2007 birtust rannsóknarritgerðir eftir kennara deildarinnar í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum. Meðal þeirra eru Acta Ophthalmologica, Acta Sociologica, Appraisal, Biological Psychiatry, Cancer Nursing, European Legacy, Saga, Úlfljótur, Human Rights Law Review, Læknablaðið, Medicine Health Care and Philosophy, Nordicum-Mediterraneum, Philosophical Investigations, Science og Social Compass. Þá voru kennarar deildarinnar ritstjórar tímaritanna Nordicum Mediterraneum, Sögu og Blaðamannsins og sátu í ritstjórnum tímarita á borð við Appraisal og Dublin University Law Journal.

Á árinu 2007 fluttu kennarar deildarinnar fræðileg erindi á vísindaráðstefnum víða um heim, svo sem í Amsterdam, Akureyri, Carleton, Catania, Dublin, Fort Lauderdale, Genova, Helsinki, Hólum, Ísafirði, Las Palmas de Gran Canaria, London, New Hampshire, Nynashamn, Peking, Pisa, Reykholti, Reykjavík, Roskilde, San Diego, Skagen, Sófíu, Stokkhólmi og Þórshöfn í Færeyjum. Þá voru sem fyrr haldnar við deildina ráðstefnur um margvísleg efni.

Félagsvísinda- og lagadeild er sú deild háskólans sem hefur tekið á móti hvað flestum erlendum skiptinemum og einnig hafa nemendur deildarinnar tekið þátt í Nordplus, Erasmus og öðrum nemendaskiptum.

**Fjölmiðlafræði**
Fjölmiðlafræðin skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á Íslandi sem býður upp á nám í fjölmiðlafræði til B.A. prófs. Fjölmiðlafræðinámið tekur mið af þeirri þróun sem hefur orðið á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum þar sem reynt er að samþætta faglega þekkingu sem kennd hefur verið í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd hefur verið í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er talin eftirsóknarverð í námi af þessu tagi til að nemendur verði hæfari að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingabyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Nemendur taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis, bæði í prent- og ljósvakamiðlum og áberandi er hve margir útskriftarnema hafa fengið störf hjá fjölmiðlum eða í fjölmiðlatengdum störfum.

**Lögfræði**
Nám í lögfræði til B.A.-prófs er um margt með öðru sniði en tíðkast hefur við íslenska háskóla fram til þessa. Um er að ræða fjölbreytt fræðilegt nám þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. B.A.-námið nýtist afar vel sem fræðileg undirstaða fyrir þá sem hyggja á nám til embættisprófs í lögfræði. Námið er einnig áhugaverður kostur í hug- og félagsvísindanámi fyrir þá sem ekki stefna að hefðbundnum lögfræðistörfum heldur hyggjast fremur tengja lögfræði við framhaldsnám í öðrum greinum, til dæmis í alþjóðastjórnmálum og skyldum greinum. Tveggja ára nám á meistarastigi í lögfræði leiðir til prófgráðunnar magister legis (M.L.). Sú prófgráða, í framhaldi af þriggja ára B.A.-prófi í lögfræði, jafngildir hefðbundnu fimm ára embættisprófi í lögfræði (cand.jur.). Áherslan í náminu er á hagnýta íslenska lögfræði þannig að nemendur verði sem best í stakk búnir til að takast á við lögfræðistörf, sem dómarar, lögmenn eða lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum.




**Nútímafræði**
Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda og er Háskólinn á Akureyri eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í þessari grein. Námið er þverfaglegt vegna þess að fjallað er um nútímann, þ.e. lífshætti og viðhorf síðustu tveggja alda, frá mörgum hliðum, s.s. sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa greina félagsvísinda. Nútímafræði er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér breiðrar menntunar með öflugum grunni í hugvísindum og jafnframt góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

**Samfélags- og hagþróunarfræði**
B.A.-nám í samfélags- og hagþróunarfræði byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísindanna með áherslu á orsakir og afleiðingar örra þjóðfélagsbreytinga á Íslandi, í öðrum samfélögum á norðurslóðum og í þróunarlöndunum. Meðal umfjöllunarefna eru helstu kenningar og rannsóknir á sviði þjóðfélagsbreytinga, aðferðir tölfræði og vettvangsrannsókna, einkenni náttúrulegs og mannlegs umhverfis, stjórnun byggða- og þróunarmála og starfsemi þróunarstofnana og samtaka. Nemendur fá þjálfun í skipulagningu og framkvæmd rannsókna og framsetningu á rannsóknarniðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn.

**Sálfræði**
Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinámið við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigrein. Í náminu er m.ö.o. lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. B.A.-próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið sálfræðinnar. Það auðveldar þeim val á áhugasviði sem þeir geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi.

**Þjóðfélagsfræði**
B.A.-nám í þjóðfélagsfræði er almennt háskólanám í félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði. Nemendur öðlast innsýn í eðli mannlegs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísindanna. Nemendum gefst jafnframt kostur á sérhæfðu vali á ýmsum áhugasviðum innan þjóðfélagsfræðinnar. Að loknu námi hafa nemendur öðlast traustan grunn til framhaldsnáms og starfa á margvíslegum sviðum íslensks þjóðfélags og á alþjóðavettvangi.

# HEILBRIGÐISDEILD

Á haustmisseri 2007 var samtals 281 nemandi við nám í heilbrigðisdeild. Nám í hjúkrunarfræði stunduðu 178 nemendur en af þeim stunduðu 62 nemendur fjarnám. Einn nemandi stundaði sérskipulagt námi í hjúkrunarfræði. Í iðjuþjálfun voru 60 nemendur haustið 2007. Í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum voru 42 nemendur, 16 í diplómunámi og 26 í meistaranámi.

Vorið 2007 brautskráðust alls 68 nemendur frá heilbrigðisdeild, þar af 45 með B.S. próf í hjúkrunarfræði og 15 með B.S. próf í iðjuþjálfun. Þrír brautskráðust með meistarapróf í hjúkrunarfræði í samstarfi við Manchesterháskóla. Úr framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum brautskráðust 3 með 30 eininga diplómagráðu og 2 með 60 eininga meistaragráðu.

Fastir starfsmenn deildarinnar eru 33, þar af eru 5 ráðnir til Heilbrigðisvísindastofnunar. Auk fastra starfsmanna koma tugir stundakennara að kennslu við deildina. Allir fastir starfsmenn eiga sæti á deildarfundum heilbrigðisdeildar ásamt fulltrúum stundakennara og nemenda.

Ágætt samstarf er við háskóla á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar.



**Rannsóknir**

Rannsóknastarfsemi er öflug í heilbrigðisdeild. Vaxandi áhersla er á notendarannsóknir þar sem leitast er við að fá sjónarhorn notenda heilbrigðis-, félags- og menntakerfis á þá þjónustu sem er veitt og hvers konar þjónustu þeir telja sig þurfa. Einnig eru rannsóknaverkefni þar sem stöðluð matstæki eru þróuð, þýdd og löguð að íslenskum veruleika áberandi innan deildarinnar. Unnið hefur verið að ýmsum rannsóknum svo sem á andlegri líðan krabbameinssjúklinga og tengslum búsetu þeirra við líðan, bjargráð og meðferð. Þá er unnið að rannsóknum á líkamsvirkni eða hreyfingu eldra fólks í dreifbýli og þéttbýli og að meðferðarrannsóknum meðal fólks með sykursýki. Áfram er haldið rannsóknum á hjartastoppum utan spítala sem og að rannsókn á sjúkraflutningum og sjúkraþjónustu í dreifbýli sem er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Þá eru rannsóknir í gangi varðandi tengsl tannholdsbólgu og fyrirburafæðinga. Aðrar rannsóknir snúa að fæðingarþunglyndi, foreldrastreitu, geðrækt og þjónustu við geðsjúka. Þá eru rannsóknir í gangi varðandi reynslu sjúklinga af umhyggju og umhyggjuleysi í samskiptum við heilbrigðisstarfsfólk og reynslu kvenna af heimilisofbeldi og áhrifum þess á heilbrigði og vellíðan og rannsóknum á átröskun, bæði lystarstoli og offitu. Rannsökuð er upplifun fólks í atvinnulegri endurhæfingu af þeirri hjálp sem boðið er upp á til að komast aftur til vinnu eða í nám. Áframhald er á rannsóknum er snúa að þjónustu við fötluð börn og foreldra þeirra og upplifun geðsjúkra af þáttum er stuðla að bata. Einnig er verið að skoða upplifun ýmissa hópa af endurhæfingarþjónustu og má þar nefna dæmi um rannsókn á daglegu lífi kvenna með brjóstakrabbamein og þörfum þeirra fyrir endurhæfingu og stuðning.

Unnið er að heilbrigðiseftirliti með rannsóknum á flokkun vatna á Norðurlandi eystra með það m.a. að markmiði að geta brugðist við mengun vatns.

Kennarar deildarinnar tóku virkan þátt í vísindaráðstefnum heima og erlendis á árinu og kynntu rannsóknir sínar í íslenskum og erlendum ritrýndum ráðstefnu- og fræðiritum.





**Málþing og ráðstefnur**

Nokkur málþing og ráðstefnur voru haldin á vegum deildarinnar á árinu 2007. Má þar nefna málþing um öldrun og ráðstefnu um krabbamein og líknandi meðferð sem og lýðheilsuþing, en allir þessir viðburðir þóttust takast afar vel og voru vel sóttir. Málstofur heilbrigðisdeildar hófust haustið 2007, málstofa er haldin einu sinni í mánuði og hefur aðsókn verið góð.

**Hjúkrunarfræði**

Nám í hjúkrunarfræði er 120 einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar.

Beita hefur þurft fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði undanfarin ár vegna skorts á námsplássum í klínísku námi. Vorið 2007 fékk háskólinn heimild stjórnvalda til að fjölga námsplássum um tíu eða í 48 árlega. Haustið 2007 fékkst svo leyfi fyrir 51 nemanda. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári. Fer það fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

Heilbrigðisdeild hefur haft að markmiði að hverjum árgangi í staðarnámi í hjúkrunarfræði fylgi hópur fjarnema. Miðað er við að a.m.k. 10 nemendur hefji námið hverju sinni. Haustið 2007 eru 5 fjarnemar á fjórða ári á Ísafirði og á þriðja ári eru 22 nemenda hópur í Reykjanesbæ, á öðru ári eru 20 nemendur í fjarnámi á Selfossi og á haustönn fyrsta árs stundaði 10 nemenda hópur nám á Egilsstöðum og 5 á Höfn í Hornafirði. Vorið 2007 brautskráðust 17 nemendur sem höfðu stundað fjarnám á Akranesi.

Árið 2007 voru fimm nemendur hjúkrunarfræðibrautar í skiptinámi í Svíþjóð eða Noregi og þrír nemendur voru í skiptinámi í North Park University í Bandaríkjunum. Tveir erlendir skiptinemar stunduðu klínískt nám á Íslandi á vegum heilbrigðisdeildar árið 2007.

Heilbrigðisdeild býður hjúkrunarfræðingum með próf úr Hjúkrunarskóla Íslands að ljúka B.S. námi við deildina.

**„Heilbrigðisdeild býður hjúkrunarfræðingum með próf úr Hjúkrunarskóla Íslands að ljúka B.S. námi við deildina.“**

**Iðjuþjálfun**

Nám í iðjuþjálfun er 120 einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna margvíslegum störfum er tengjast iðjuþjálfun innan heilbrigðis- og félagsþjónustukerfisins, auk þess að veita góða undirstöðu í stjórnun og skipulagningu þjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Vettvangsnám er 25 vikur og hefst í lok 2. námsárs.

Meginmarkmið iðjuþjálfunarbrautar er að miðla til nemenda þeirri þekkingu, viðhorfum og færni sem er í takt við stöðu og þróun iðjuþjálfunar á hverjum tíma og stuðlar að gæðaþjónustu fyrir neytendur. Lögð er áhersla á að samþætta hinar ýmsu greinar námsins þannig að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á samspili iðju, manns og umhverfis. Iðjuþjálfar frá Háskólanum á Akureyri eiga að vera faglega færir um að takast á við margvísleg verkefni á sviði iðjuþjálfunar innan heilbrigðis-, félags- og skólaþjónustu.

Ekki er hægt að nema iðjuþjálfun annars staðar hér á landi. Lögð er áhersla á að mennta iðjuþjálfa til framtíðarstarfa um allt land. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins, jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Vettvangsnám í iðjuþjálfun fer fram undir handleiðslu iðjuþjálfa víða um land. Tveir erlendir skiptinemendur í

# HEILBRIGÐISDEILD

iðjuþjálfunarfræðum stunduðu vettvangsnám á vegum heilbrigðisdeildar á árinu og tveir íslenskir nemendur fóru erlendis í sama tilgangi.

Heilbrigðisdeild býður iðjuþjálfum með starfsréttindapróf frá erlendum skólum upp á að ljúka B.S. námi við deildina.

**Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum**
Haustið 2003 hófst 60 eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum við deildina. Námið byggir á þverfaglegum grunni. Það er byggt upp af 30 einingum í námskeiðum og meistaraprófsritgerð sem er 30 einingar að jafnaði. Þrjú námskeið eru skyldunámskeið (alls 15 einingar) en hinar 15 einingarnar eru valnámskeið, þar af skal nemandi taka að öllu jöfnu tvö innan heilbrigðisdeildar. Námið veitir prófgráðuna M.S. í heilbrigðisvísindum. Einnig er hægt að ljúka 30 eininga diplómanámi sem veitir Dipl.S. í heilbrigðisvísindum.

Leiðarljós í skipulagi meistaranámsins í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknarverkefna í tengslum við meistaranámið.

**Framhaldsnám í ljósmóðurfræði**
Í gildi er samningur um framhaldsnám fyrir hjúkrunarfræðinga í ljósmóðurfræði milli Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri og Sjúkrahússins á Akureyri (FSA) sem var endurnýjaður síðast 2003. Á árinu 2007 stunduðu tveir hjúkrunarfræðingar á Akureyri fjarnám í ljósmóðurfræði frá Akureyri og munu þeir útskrifast vorið 2008.

**Starfsemi Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólans á Akureyri 2007**
Á árinu lauk meginverkefni stofnunarinnar sl. þrjú ár sem var vinna við heilsuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar samkvæmt verksamningi við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Meginafrakstur verkefnisins er stofnun Starfsendurhæfingar Norðurlands sem hefur það hlutverk að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn. Önnur verkefni tengdust m.a. undirbúningi að þróun náms í heilbrigðisvísindum og könnunum og undirbúningi að verkefnum á sviðum endurhæfingar og öldrunarmála.

Gerður var verksamningur við Samorku, samtök orkufyrirtækja, um samantekt á heilsufarsáhrifum heitavatnsnotkunar á Íslandi.

Vefsvæði Heilbrigðisvísindastofnunarinnar var sett upp og er aðgengilegt frá heimasíðu Háskólans.





# KENNARADEILD

Við kennaradeild eru þrjár brautir, auk skólaþróunarsviðs; leikskólabraut, grunnskólabraut og framhaldsbraut. Haustið 2007 voru alls 367 nemendur skráðir í deildina, þar af 90 á leikskólabraut og 117 á grunnskólabraut. Þá voru 160 nemendur skráðir á framhaldsbraut, þar af 53 nemendur í kennslufræði til kennsluréttinda, 59 í diplómanám og 48 í framhaldsnám til meistaragráðu.

Vorið 2007 brautskráðust 152 kandídatar frá kennaradeild. Þar af brautskráðust 58 frá leikskólabraut, 46 frá grunnskólabraut, 24 með kennslufræði til kennsluréttinda, 19 með diplómupróf í menntunarfræðum og 5 með meistaragráðu í menntunarfræðum.

Fastir starfsmenn kennaradeildar voru 26, um 50 stundakennarar og um 130 leik- og grunnskólakennarar víðs vegar um land sem tóku að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu. Tvær stöður voru auglýstar við kennaradeild á árinu, í bókmenntum og íslensku. Rannsóknarvirkni kennara deildarinnar er bæði mikil og margvísleg og þeir eiga í samstarfi við fræðafólk hér á landi og erlendis.

**Stefna kennaradeildar Háskólans á Akureyri**
Á deildarfundi í ágúst 2007 var lögð fram **Stefna kennaradeildar** en nefndarstarf vegna mótunar stefnunnar átti sér nokkurn aðdraganda. Á deildarfundi nokkru síðar var lögð fram tillaga að sýn deildarinnar. Eftirfarandi var samþykkt:

Menntasýn: Uppeldi og fræðsla verða ekki aðskilin og eitt af grundvallargildum skólastarfs er að mennta nemendur sem eru þroskaðir, réttsýnir og ábyrgir einstaklingar. Þess vegna leggur kennaradeild HA áherslu á heimspeki menntunar í starfi sínu með það fyrir augum að mennta kennara sem geta lagt gagnrýnið og ígrundað mat á menntamál, ásamt því að hafa þekkingu, færni og viðhorf sem gera þeim kleift að takast á hendur þau uppeldishlutverk sem kennsla leggur þeim á herðar.

Nemendasýn: Skólar eru fyrir alla og þar skulu allir nemendur hafa jafngild tækifæri til að menntast. Þess vegna leggur kennaradeild Háskólans á Akureyri áherslu á að kennaranám feli í sér þekkingu, færni og viðhorf sem gera kennurum kleift að uppfylla þarfir ólíkra einstaklinga og hlúa að alhliða menntun þeirra.

> „Skólar eru fyrir alla og þar skulu allir nemendur hafa jafngild tækifæri til að menntast.“

Kennarasýn: Kennarinn er haldreipi skólastarfs. Þess vegna er takmark kennaradeildar HA að mennta kennara til að verða samvirka, skapandi fagmenn sem hafa trausta þekkingu í undirstöðuþáttum kennarastarfsins og færni til að beita henni í starfi: Þekkingu á nemendum, námi þeirra og þroska, þekkingu á námssviðum, námsgreinum og námskrá skóla og þekkingu á kennslu og árangursríkri tilhögun hennar.

Skólasýn: Kennarar öðlast mikilvægan hluta af faglegum þroska sínum í starfi. Þess vegna leggur kennaradeild HA metnað sinn í að mennta kennara sem hafa þekkingu, færni og vilja til að veita forystu og axla ábyrgð við að efla skóla sem menntasamfélag þar sem allir geta þroskast í starfi, lært hver af öðrum og hver með öðrum.

Rannsóknasýn: Rannsóknir eru lykilþáttur í skólastarfi. Þess vegna leggur kennaradeild HA áherslu á að starfsmenn hennar séu virkir rannsakendur á fræðasviðum deildarinnar. Deildin leggur enn fremur metnað sinn í að mennta kennara sem hafa burði til að stunda framhaldsnám eða gerast rannsakendur á eigin starfsvettvangi með þroska og umbætur að leiðarljósi.

Þegar stefna kennaradeildar var kynnt, lagði deildarforseti til að kynning á deildinni yrði forgangsverkefni. Átak í kynningarmálum var kynnt rektor, fjármálastjóra og fram-

# KENNARADEILD

kvæmdastjóra nokkru síðar og fékkst góður stuðningur stjórnenda skólans við hugmyndir sem lagðar voru fram. Kynningarnefnd var skipuð kennurum og nemendum og var vandað til kynningarstarfsins.

Á deildarfundi þann 13. desember var lögð fram skýrslan **Frá skynjun til sköpunar: Listnám á háskólastigi – góður kostur fyrir Akureyri.** Áhugi er fyrir því innan deildarinnar að stofnað verði til listgreinakennslu á háskólastigi á Akureyri, en núna stunda rúmlega 1200 nemendur nám á listnámsbrautum íslenskra framhaldsskóla og flestra þeirra bíður blindgatan ein til frekara listnáms. Skýrslan var lögð fyrir framkvæmdastjórn HA en þar náði málið ekki fram að ganga að sinni.

Sem þátt í að tryggja gæði kennslu, fjölbreytta kennsluhætti og nauðsyn þess að áherslur væru sýnilegar í kennsluáætlunum var sett á laggirnar námskeiðsáætlananefnd. Nefndinni var ætlað að fara yfir námskeiðsáætlanir í því augnamiði að kanna hvernig tryggja megi virka þátttöku nemenda og meta þörfina fyrir að leiðbeina kennurum um framsetningu námskeiðsáætlana. Nefndin skilaði tillögum; **hver námskeiðsáætlun** skyldi byggjast upp af þremur meginþáttum, **námslýsingu, kennsluáætlun og verkefnislýsingu.** Þetta geta verið aðskilin skjöl eða eitt eftir eðli máls og ákvörðun kennara.

Í stefnu kennaradeildar er ákvæði þess efnis að sérfræðingar deildarinnar nýti sér fjölbreytilegar leiðir við útgáfu á fræðilegu efni. Stofnuð var ritnefnd sem skoðaði möguleika á útgáfu sameiginlegrar bókar eða tímarits. Ritnefndin hefur lagt fyrstu drög að skipulagi og inntaki tímarits.

Í stefnu kennaradeildar er einnig ákvæði þess efnis að starfsmenn deildarinnar lesi yfir efni hver fyrir annan og greiði þar með leið fræðilegs efnis inn í ritrýnd rit. Tveir starfsmenn deildarinnar tóku að sér að setja upp kerfi í þessu augnamiði og aðrir tveir hafa tekið að sér að fylgja tillögunum eftir.

Skipaður var einn fulltrúi um hvern málaflokkanna þriggja: upplýsinga- og samskiptatækni, fötlun og jafnrétti og stofnuð svokölluð FJUST-nefnd. Fyrsta verk nefndarinnar var að stýra málstofu sem bar heitið **Jafnréttismál: menntum fólk í viðhorfsbreytingum.** Þá voru þrjár málstofur haldnar á haustmisseri.

**Leikskólabraut og grunnskólabraut**
Á báðum brautum var lögð áhersla á að aðlaga námið að þekkingar- og hæfniviðmiðum í samræmi við viðmið Bologna samþykktar og að nýrri stefnu kennaradeildar.

Vegna fárra umsókna um grunnnám á síðustu árum voru kynningarmál ofarlega á baugi á brautunum. Hugað var að nýjum leiðum í þessum efnum, m.a. var haft samband við fulltrúa sveitarfélaga, menntamálaráðherra og félagasamtök í þeim tilgangi að minna á og kynna námið hér norðan heiða. Kennarar höfðu einnig sífellt í huga að koma nafni kennaradeildar í sviðsljósið þar sem því var við komið.

Mikil umræða fór fram um möguleika á fjölbreyttari námstilboðum til þess að fjölga nemum við leikskólabraut og koma til móts við skort á leikskólakennurum víða um land. Í þessu samhengi var tillögum komið á framfæri til deildarráðs og forsvarsmanna háskólans í nóvember 2007:

· **Að menntamálaráðuneytið efni til sérstaks átaks varðandi menntun leikskólakennara.**

· **Að hafið verði nám fyrir starfsfólk í leikskólum sem hefur háskólamenntun á sviði uppeldisfræða og vill bæta við sig námi.**

· **Að hafið verði nám fyrir háskólamenntað starfsfólk í leikskólum sem ekki hefur uppeldisfræðilega menntun en vill bæta við sig námi til leikskólakennararéttinda.**

· Á skólaárinu 2007-2008 var veruleg vinna lögð í að leita leiða til að fjölga námsleiðum innan grunnskólabrautar og að endurskoða inntökuferli í háskólann í þeim tilgangi að fjölga nemendum beggja brauta.

**Framhaldsbraut**
Á framhaldsbraut eru tvær námsleiðir.
**Diplómu- og meistaranám** er ætlað kennurum, þroskaþjálfum og öðrum sem vilja leggja stund á rannsóknir eða önnur störf sem krefjast framhaldsmenntunar og einnig þeim sem vilja auka þekkingu sína í núverandi starfi. Í boði voru sérsvið um lestrarfræði, sérkennslufræði og stjórnun skólastofnana, auk almenns náms og einstaklingssniðins náms. Námið um lestrarfræði er nýtt og er nýjung hér á landi.



Háskólinn á Akureyri

Leiðarstef námsins eru gagnrýnin hugsun og ígrundað starf. Námið er stöðugt í endurskoðun og á árinu 2008 hefst nám með áherslu á menntastefnu og jafnréttismál.

Nám í **kennslufræði til kennsluréttinda** er ætlað þeim sem lokið hafa háskólanámi, listnámi eða hafa meistararéttindi í iðngreinum, o.fl. Markmið námsins er að mennta þá sem lokið hafa námi í faggrein sinni í uppeldis- og kennslufræðum. Með nýrri námskrá 2007 fluttist námið á meistarastig en áfram var möguleiki að stunda námið á bakkalárstigi.

**Skólaþróunarsvið**
Starfsemi skólaþróunarsviðs hefur orðið æ mikilvægari þáttur í starfsemi kennaradeildar. Innan sviðsins hefur orðið mikil uppbygging margvíslegrar þekkingar, t.d. um samskipti heimilis og skóla og lestur og lestrarkennslu. Á árinu 2007 vann skólaþróunarsvið að ýmsum skólaþróunarverkefnum ásamt kennurum og skólastjórum í leik- og grunnskólum á Akureyri og víðar um land. Verkefnin beindust einkum að lestrarkennslu, foreldrasamstarfi, vinnu með yngstu börnum í leikskólum, einstaklingsmiðuðu námi, almennri skólaþróun og fleiri þáttum. Skólaþróunarsvið veitti kennurum leik- og grunnskóla einstaklingsbundna kennsluráðgjöf, ráðgjöf við innra mat og fræðslu af ýmsu tagi. Þá vann sviðið að úttektum og ýmis konar annarri þjónustu á sviði skólamála. Tvær stórar ráðstefnur voru haldnar á árinu.

Starfsmenn skólaþróunarsviðs hafa annast kennslu í kennaradeild eftir því sem eftir hefur verið leitað, bæði sem umsjónarkennarar einstakra námskeiða og sem stundakennarar. Hafði sviðið m.a. forystu um mótun námsbrautar í lestrarfræðum á framhaldsbraut.



# VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDADEILD

Samtals voru 448 nemendur við deildina við upphaf skólaárs haustið 2007 sem skiptust þannig að í auðlindafræðum voru 79 nemendur, í tölvunarfræðum 30, í viðskiptafræði voru 318 nemendur og í meistaranámi í viðskiptafræðum var 21 nemandi. Boðið var upp á nám á þremur fræðasviðum: auðlindafræði, viðskiptafræði og tölvunarfræði, með samtals 9 námsgráðum.

Vorið 2007 voru 92 nemendur brautskráðir. Þar af voru 22 nemendur brautskráðir með B.S. gráðu í auðlindafræði, 7 í upplýsingatækni og 62 í viðskiptafræði. Einn nemandi lauk meistaraprófi í auðlindafræðum.

Í deildinni störfuðu 43 kennarar, sérfræðingar og aðstoðarfólk.

Starf viðskipta- og raunvísindadeildar var þróttmikið árið 2007 og einkenndist öðru fremur af eflingu hinnar nýju sameinuðu deildar, kennslu og rannsóknum. Meistaranám í viðskiptafræði hófst 15. ágúst eftir nokkurra ára undirbúning. Þá fagnaði deildin 20 ára afmæli, en rekstrarfræði sem er forveri viðskiptafræði var meðal fyrstu námsgreina sem kenndar voru við Háskólann á Akureyri.

Stefnumótunarvinnu var hrundið af stað innan deildarinnar í samræmi við heildarstefnu Háskólans á Akureyri. Markmið með stefnumótuninni var að efla rannsóknastarf enn frekar og auka gæði kennslu. Stefnumótun deildarinnar var samþykkt á deildarfundi á haustmánuðum.

Miklar annir voru einnig tengdar umsókn um vottun á fræðasviðum deildarinnar. Háskólaráð ákvað að deildin skyldi sækja um vottun á tveimur fræðasviðum, þ.e. annars vegar auðlindafræði og búvísindum og hins vegar félagsvísindum. Þannig heyrði viðskiptafræðin undir félagsvísindi í samræmi við alþjóðlega flokkun fræðigreina, en sjávarútvegsfræði, fiskeldi, líftækni og umhverfis- og orkufræði undir auðlindafræði. Tölvunarfræðin flokkaðist einnig undir auðlindafræði, en sem aukagrein. Mikið starf fólst í því að taka saman og lýsa starfi deildarinnar hvað varðar kennslu, rannsóknir og skipulag. Erlendir sérfræðingar komu í heimsókn í september og október og kynntu sér starf innan deildarinnar. Í marsmánuði 2008 hlaut viðskipta- og raunvísindadeild vottun menntamálaráðuneytis til að starfa á þeim fræðasviðum sem kennd eru við deildina.

**Auðlindafræði**

Auðlindafræði skiptist í þrjár meginlínur; sjávarútvegsfræði og fiskeldi, umhverfis- og orkufræði og líftækni. Boðið var upp á B.S. nám í staðarnámi og fjarnámi. B.S. námið tekur þrjú ár og er samtals 180 námseiningar (ECTS). Nemendur stunduðu meistaranám í sjávarútvegsfræðum og fyrstu nemendurnir stunduðu meistaranám í auðlindafræði sem hófst haustið 2006.

Sérstaða HA hefur frá upphafi markast af áherslu á nýtingu náttúruauðlinda. Auðlindadeild var eina deildin innan íslenskra háskóla sem hefur lagt áherslu á hið þverfaglega svið auðlindafræða, þar sem saman fara nám og rannsóknir í raunvísindum og tæknigreinum samhliða áherslum á auðlindahagfræði og viðskiptafræði. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og skipulags og ýtir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og verðmætasköpunar.

Kennarar og starfsfólk í auðlindafræðum eru í nánu samstarfi við fjölda fyrirtækja og rannsóknastofnana hérlendis og má þar nefna Hafrannsóknastofnun, Matís, Hólaskóla, Landsvirkjun, Íslenskar orkurannsóknir, Náttúrufræðistofnun, Vatnamælingar Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Landmælingar Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Umhverfisstofnun, Landsvirkjun, Norðurorku, Exorku, Promens og sjávarútvegsfyrirtækin Samherja, Brim, FISK Seafood og SERO. Verið er að koma á svipuðum tengslum við ýmsar erlendar rannsóknastofnanir og háskóla á fræðasviðum deildarinnar. Einnig hefur auðlindadeild verið í samvinnu við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna um kennslu og leiðbeiningu nemenda sjávarútvegsskólans.

Rannsóknir eru snar þáttur í starfsemi sviðsins og voru sérfræðingar þess mjög ötulir við að afla styrkja til rannsókna á árinu 2007.

Rannsóknir sviðsins spanna vítt svið auðlindafræða. Meðal rannsókna í sjávarútvegi má nefna hafrannsóknir, fiskalífræði, veiðarfærarannsóknir, efna- og örverufræði fiska (gæði og öryggi), vinnslutækni og hagrænar rannsóknir. Meðal rannsókna í líftækni má nefna lífefnaleit, orkulíftækni, fiskeldislíftækni, kerfislíffræði og rannsóknir á virkum íblöndunarefnum. Í umhverfis- og orkufræðum, má nefna auk hafrannsókna sem áður eru nefndar, ýmsar rannsóknir á grunnvatni, gerð og uppruna þess. Einnig nýtingu jarðvarma til heilsutengdrar ferðamennsku.

Við tækjakost bættust nokkur mikilvæg rannsóknatæki svo sem: frystiskurðartæki, ph-mælir, smásjá með myndavél, vatnshitabað, tæki til að efnagreina og greina kristölluð efni, tæki til rannsókna í sameindafræði og ónæmisfræði (PCR tæki, RT-PCR tæki, frumuræktunarskápur og ELISA tæki) og tæki til örverurannsókna (frystiskápur (-80°C). ræktunarskápur með breytilegu hitastigi og ræktunarskápur fyrir fljótandi ræktir).

**Líftækni**

Innan líftækni eru kennd sérhæfð námskeið á sviði auðlindalíftækni ásamt viðskiptagreinum með það að markmiði að gera nemendur eftirsótta til starfa á ýmsum sviðum líftækninnar. Megináherslur B.S. náms í líftækni eru í fyrsta lagi á sviði umhverfis- og orkulíftækni, m.a. niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna s.s. vetnis, metans og etanóls. Í öðru lagi er áhersla á líftæknilega þætti fiskeldis, m.a. á heilbrigði og fóður og í þriðja lagi á sviði lífvirkra efna þar sem lögð er áhersla á framleiðslu efna sem bæta heilsu manna, t.d. efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukaefni í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað.

Af sérnámskeiðum má nefna: erfðafræði og sameindaerfðafræði, sjávarlíftækni, líftæknilega örverufræði, matvælafræði og matvælavinnslu, næringarfræði, veirufræði, náttúrulegar afurðir, nýmyndun og niðurbrot, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli. Auk fastra kennara deildarinnar koma sérfræðingar ýmissa fyrirtækja að kennslunni og ber sérstaklega að nefna sérfræðinga frá líftæknifyrirtækjunum Prokaria og Primex.

**Sjávarútvegur og fiskeldi**

Innan deildarinnar er boðið upp á sjávarútvegs- og fiskeldisfræði. B.Sc. námið veitir þverfaglegan grunn sem nýtist vel til stjórnunarstarfa eða frekara náms. Í náminu eru kennd undirstöðunámskeið raungreina og viðskiptagreina.

> **„Starf viðskipta- og raunvísindadeildar var þróttmikið árið 2007 og einkenndist öðru fremur af eflingu hinnar nýju sameinuðu deildar, kennslu og rannsóknum.“**

Sérnámskeið á sjávarútvegs- og fiskeldisbraut eru um vistkerfi sjávar og veiðar og vinnslu sjávarafurða, auk fiskeldis. Valnámskeið eru m.a. hagnýt haffræði, matvælavinnsla og fiskihagfræði, fiskeldi, eldistækni, fisksjúkdómar, fiskalífeðlisfræði, fóður- og hráefnisfræði og matvælafræði fiska. Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi eða fiskeldi að námi loknu, ásamt því að veita breiðan grunn til frekara náms.

Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki í greininni svo og stofnanir sem stunda rannsóknir á sviði sjávarútvegs og fiskeldis. Deildinni standa einnig til boða afnot af rannsóknabátnum Einari í Nesi til kennslu og sýnatöku í Eyjafirði, en báturinn er í eigu útibús Hafrannsóknastofnunar á Akureyri, að ógleymdri fullkominni neðansjávarmyndavél með öllum tilheyrandi tækjabúnaði, þ.m.t. kafbáti með gripörmum til sýnatöku, ljósabúnaði, sónartæki, fjarstýringarbúnaði og ljósleiðarakapli. Hluti námskeiða á sérsviðum fiskeldis eru kennd í Háskólanum á Hólum. Jafnframt geta nemendur sjávarútvegs- og fiskeldisbrautar tekið valnámskeið í fiskeldisgreinum við Hólaskóla, samkvæmt samþykki deildarforseta hverju sinni.

**Umhverfi og orka**

B.Sc. námið í umhverfis- og orkufræði er almennt grunnnám í náttúruvísindum með áherslu á vistfræði- og vatnafræði-

# VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDADEILD

lega þætti, áhrif mengunar á umhverfi, auðlindanýtingu og auðlindastjórnun, sem og umhverfismat og umhverfisskipulag. Ennfremur er lögð áhersla á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, þ.m.t. jarðvarma, vatnsafls, sólarorku, vindorku, sjávarfallaorku, lífmassa o.fl., á efnarafala og þá sérstaklega á vetni sem orkubera. Markmið námsins er að nemendur þekki vel helstu ferla í náttúrunni og áhrif þjóðfélagsins á umhverfi sitt. Einnig að þeir þekki til tæknilegra þátta orkumála, orkubúskapar og nýrra nýtingarmöguleika hérlendis sem erlendis, öðlist vitneskju um sjálfbæra orkuöflun og fái innsýn í stjórnun orkumála og mörkun orkustefnu.

Háskólinn á Akureyri hefur gert samstarfssamninga við ýmsar stofnanir og Akureyrarbæ um rannsóknir og fræðslu á sviði náttúruvísinda, orkurannsókna og auðlinda- og umhverfisfræða ásamt því að skapa nemendum háskólans í grunn- og framhaldsnámi aðstöðu til að vinna að verkefnum á viðkomandi rannsóknastofnunum.

**Meistaranám í auðlindafræðum**
M.S. nám í auðlindafræðum er alþjóðlegt rannsóknanám á fimm fræðasviðum: umhverfisfræði, orkufræði, líftækni, sjávarútvegsfræði og fiskeldisfræði. Þessi fræðasvið endurspegla faglega sérstöðu, bæði hvað varðar kennslu og rannsóknir.

„M.S. nám í auðlindafræðum er alþjóðlegt rannsóknanám á fimm fræðasviðum: umhverfisfræði, orkufræði, líftækni, sjávarútvegsfræði og fiskeldisfræði.“

Námið er einstaklingsmiðað og er megináhersla lögð á meistaraverkefnið og að nemendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð. Námið tekur tvö ár og er 60 einingar, þar af er sjálft meistaraprófsverkefnið 30-45 einingar.

Námskeiðshluta meistaranámsins tekur nemandinn að hluta við HA, við aðra innlenda háskóla ef kostur er og við erlenda rannsóknaháskóla samkvæmt ákvörðun meistaraprófsnefndar hverju sinni.

Námið fer fram á ensku og býður það upp á stóraukna möguleika í tengslum við kennslu- og rannsóknasamstarf við erlenda rannsóknaháskóla og rannsóknastofnanir, m.a. Erasmus Mundus samstarf ESB, háskóla á Norðurlöndunum og samstarf við háskóla í Norður- Ameríku og víðar.

**Tölvunarfræði**
Boðið er upp á 90 eininga, þriggja ára nám í tölvunarfræðum. Allt nám í tölvunarfræðum er kennt á ensku og í boði fyrir innlenda og erlenda nemendur. Nemendur koma frá mörgum löndum og starfsfólk tölvunarfræða kemur líka víða að; þar á meðal frá Rússlandi, Kína, Kanada og Bretlandi. Tölvunarfræðasviðið hefur því yfir sér mjög fjölþjóðlegt yfirbragð þar sem saman koma sérfræðingar með ólíkan bakgrunn en sameiginlegan metnað til þess að bjóða upp á fyrsta flokks, alþjóðlega viðurkennt háskólanám.

Kennarar tölvunarfræða hafa tekið virkan þátt í ERASMUS kennaraskiptum og á þessu ári fór einn kennari til Háskólans í Brussel og stundaði kennslu þar tímabundið. Ennfremur kom kennari frá þeim skóla og kenndi við deildina.

Tölvunarfræði hefur lagt mikla áherslu á tengsl við erlenda háskóla. Virkum tengslum við háskóla á Englandi hefur verið viðhaldið (Háskólinn í Leeds) en því til viðbótar hefur verið komið á virkum tengslum við Tækniháskólann í Compiegne í Frakklandi, Háskólann í Brussel og Carlton háskóla í Kanada.

Starfsfólk deildarinnar hefur einnig unnið með innlendum og erlendum aðilum. Þar á meðal má nefna samstarfsverkefni við Íslenskar Orkurannsóknir (ÍSOR) og CERN rannsóknastofnunina í Genf.

Starfsfólk deildarinnar stundaði rannsóknir og birti greinar á sviði tölvunarfræði og skyldra greina. Þá hefur það setið í undirbúningsnefndum alþjóðlegra ráðstefna um tölvunarfræði, auk þess að sitja í ritstjórn tímaritsins International Journal of Applied Systemic Studies.

**Viðskiptafræði**
Starfsemi viðskiptafræða á árinu 2007 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Boðið var upp á þriggja ára, 90 eininga B.S. nám í viðskiptafræðum, bæði í staðarnámi og fjarnámi. Um 70% nemenda eru í fjarnámi.

Kennarar í viðskiptadeild hafa sótt í innlenda og erlenda samkeppnissjóði og stundað margvíslegar rannsóknir á sviðum viðskiptafræða. Þannig hefur starfsfólk birt greinar í ráðstefnuritum, tímaritum og bókum um íslenska fjármála- og hlutabréfamarkaði; samruna og yfirtökur fyrirtækja og mannauðs- og þekkingarstjórnun í íslenskum fyrirtækjum. Ennfremur hefur það rannsakað stjórnunaraðferðir í fyrirtækjum, fjarkennsluaðferðir, þróunarmál og alþjóðaviðskipti, sem og þróun á norrænum vinnumörkuðum hin síðari ár. Rannsóknastarf innan viðskiptafræði færist sífellt í vöxt.




Kennarar deildarinnar eiga í margvíslegum samskiptum og samstarfi við erlendar stofnanir og vísindamenn. Nemendur hafa sótt nám erlendis að hluta á vegum Erasmus og Nordplus.

Viðskipta- og raunvísindadeild á aðild að ECBE, The European Council for Business Education, frá árinu 2005. Um frekari upplýsingar varðandi ECBE vísast til heimasíðu samtakanna: http://ecbe.qualilearning.org/

Deildin er einnig aðili að EkoTekNord, sem er tengslanet 19 háskóla á Norðurlöndum. Markmið netsins er að auka nemenda- og kennaraskipti og bjóða upp á stutt námskeið. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu samtakanna: http://www.ekoteknord.nu/etn/index.shtml.

**Námið var skipulagt í fjórum námsleiðum:**

**Ferðaþjónusta**
Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til stjórnunarstarfa í ferðaþjónustu. Kennd eru námskeið um skipulag ferðamannastaða, áhrif ferðaþjónustu á samfélagið og umhverfið, lög og reglur í ferðaþjónustu og neytendahegðun í ferðaþjónustu.

**Fjármál**
Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Mikilvægar námsgreinar eru bókhald, tölfræði, hagrannsóknir, hagnýt stærðfræði, þjóðhagfræði, skattaskil og námskeið í fjármálum þar sem m.a. er fjallað um fjármálamarkaði, afleiður og alþjóðafjármál.

**Markaðsfræði**
Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til markaðsstarfa. Fjallað er m.a. um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, boðmiðlun og markaðsrannsóknir.

**Stjórnun**
Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna stjórnunarstörfum í fyrirtækjum. Fjallað er m.a. um stefnumótun, stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og gæðastjórnun.

# VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDADEILD

**Meistaranám í viðskiptafræði**
Haustið 2007 var í fyrsta skipti boðið upp á meistaranám í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri. Meistaranám í viðskiptafræðum er 90 ECTS eininga nám en einnig er völ á 120 ECTS eininga námi. Boðið er upp á tvö sérsvið: Alþjóðafjármál og bankastarfsemi og stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi. Markmið námsins er að nemendur öðlist færni í greiningu viðfangsefna og stjórnunarfærni sem nýtast mun í krefjandi störfum á völdum sviðum íslensks atvinnulífs.

Meðal þeirra námskeiða sem boðið er upp á eru: alþjóðaviðskipti og alþjóðastofnanir, þjóð- og rekstrarhagfræði, alþjóðleg stefnumótun, alþjóðafjármál og bankastofnanir, fjármál fyrirtækja, alþjóðleg mannauðs- og þekkingarstjórnun og forysta og árangur. Námið er skipulagt með þeim hætti að mögulegt sé að stunda meistaranámið samhliða vinnu.

Námið fer að mestu fram á íslensku þar sem kennarar Háskólans á Akureyri og innlendir sérfræðingar bera ábyrgð á skipulagi náms og kennslu. Jafnframt voru erlendir fyrirlesarar fengnir til þess að kenna í náminu ásamt því að þeir munu halda fyrirlestur fyrir styrktaraðila og almenning.

Margvíslegar kennsluaðferðir eru notaðar til að virkja þátttöku og frumkvæði nemenda. Þar má nefna umræður, málstofur, einstaklings- og hópverkefni og raunverkefni/tilviksrannsóknir (case studies). Þungamiðja kennslunnar er skipulögð í rafrænu vefumhverfi. Þar er að finna námskeiðslýsingar, glærur, leslista, verkefnalýsingar, ítarefni og þar eiga samskipti nemenda við kennara og samnemendur sér stað á milli kennslulota.

Kennt er í námslotum. Að jafnaði er kennt einu sinni í mánuði, frá fimmtudegi til laugardags, alls 24 kennslutíma í senn. Á hverju misseri eru fjórar lotur.

Styrktaraðilar námsins eru fjármálafyrirtæki á Norðurlandi: Saga Capital, Sparisjóðir, Íslensk verðbréf og Glitnir.

**Samstarf við Símenntun Háskólans**
Á árinu var haldið áfram samstarfi við Símenntun. Rekstrar- og viðskiptanámið, námskeið fyrir sveitarstjórnamenn og námskeið fyrir starfsmenn og trúnaðarmenn stéttarfélaga hafa að mestu verið kennd af starfsmönnum viðskiptadeildar.

**Alþjóðleg þjálfun og kennsla**
Viðskipta- og raunvísindadeild hefur verið þátttakandi í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Starfsmenn deildarinnar hafa kennt á námskeiðum skólans og verið leiðbeinendur nemenda. Tvenns konar menntun hefur verið í boði, annars vegar grunnþjálfun nemenda skólans í viðskiptafræði og markaðsfræði og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja (A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing) sem miðar að því að þjálfa fólk í að stjórna sjávarútvegsfyrirtækjum af ólíkum toga. Helstu markmið með sérhæfða náminu eru að veita yfirlit yfir kenningar í rekstri og fjármálum fyrirtækja, að veita víðtæka þekkingu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja allt frá fiskeldi til markaðssetningar sjávarafurða og að þjálfa nemendur í gagnrýninni hugsun til að finna lausn á raunverulegum vanda í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Það má glöggt sjá af þessu yfirliti yfir starfsemi viðskipta- og raunvísindadeildar hversu fjölbreytt og öflug starfsemi deildarinnar er. Stefnumótun og vottun á fræðasviðum deildarinnar er hvatning til starfsfólks deildarinnar til þess að takast á við ný og krefjandi verkefni í framtíðinni.



Háskólinn á Akureyri

# MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐ

Markaðs- og kynningarmál voru með hefðbundnum hætti á árinu. Á vormisseri heimsótti kynningarfulltrúi flesta framhaldsskóla landsins ásamt fulltrúum frá þeim deildum háskólans sem talið var að þyrftu á aukinni kynningu að halda. Haldin var sameiginleg kynning í Borgarleikhúsinu með öðrum háskólum landsins að undanskildum Háskóla Íslands. Haldnar voru sameiginlegar kynningar með sömu háskólum á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Til viðbótar við þetta voru birtar auglýsingar um námsframboð, sendur var markpóstur til stúdentsefna og kynningarfulltrúi tók á móti fjölmörgum hópum fyrir hönd skólans.



# FJÁRMÁLA-, STARFSMANNA- OG REKSTRARSVIÐ

Fjármála,- starfsmanna- og rekstrarsvið annast rekstur og umsjón fasteigna og búnaðar háskólans, þ.á m. rekstur tölvukerfa og símakerfa. Jafnframt annast sviðið helstu sameiginleg verkefni á sviði fjármála. Má þar nefna umsjón með gerð rekstraráætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, miðlun fjárhagslegra upplýsinga, svo og eftirlit og ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans.

# NEMENDUR OG DEILDIR

### Lögheimili nemenda á haustmisseri 2007




| Lögheimili | Karlar | Konur | Samtals | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Norðvestur | 26 | 114 | 140 | 10,43% |
| Norðaustur | 205 | 559 | 764 | 56,93% |
| Suður | 24 | 142 | 166 | 12,37% |
| Suðvestur | 33 | 110 | 143 | 10,66% |
| Reykjavík | 37 | 88 | 125 | 9,31% |
| Erlendis | 2 | 2 | 4 | 0,30% |
| **Samtals** | **327** | **1015** | **1342** | **100,00%** |

### Nemendafjöldi eftir deildum

| | 2003 | | | 2004 | | | 2005 | | | 2006 | | | 2007 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Deild | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls |
| Auðlindadeild | 59 | 33 | 92 | 63 | 54 | 117 | 49 | 51 | 100 | | | | | | |
| Félagsvísinda- og lagadeild | 51 | 60 | 111 | 76 | 115 | 191 | 93 | 152 | 245 | 96 | 152 | 248 | 80 | 166 | 246 |
| Heilbrigðisdeild | 5 | 319 | 324 | 4 | 308 | 312 | 10 | 306 | 316 | 10 | 294 | 304 | 12 | 269 | 281 |
| Kennaradeild | 54 | 434 | 488 | 76 | 480 | 556 | 80 | 458 | 538 | 50 | 371 | 421 | 57 | 310 | 367 |
| Viðskiptadeild | 141 | 221 | 362 | 109 | 190 | 299 | 90 | 208 | 298 | | | | | | |
| Viðskipta- og raunvísindadeild | | | | | | | | | | 179 | 285 | 464 | 178 | 270 | 448 |
| Sjávarútvegsdeild | 3 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | | | | | |
| Upplýsingatæknideild | 38 | 12 | 50 | 36 | 5 | 41 | 21 | 3 | 24 | | | | | | |
| **Samtals** | **351** | **1079** | **1430** | **364** | **1152** | **1516** | **343** | **1178** | **1521** | **335** | **1102** | **1437** | **327** | **1015** | **1342** |

### Nemendafjöldi eftir deildum








# KENNSLUSVIÐ

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar, ráðgjöf og þjónustu.

Fulltrúar á kennslusviði annast meðal annars almenna afgreiðslu og upplýsingagjöf, símsvörun, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans.

Fulltrúar annast jafnframt innritun nýnema. Vorið 2007 fór innritun nýnema í fyrsta sinn fram með rafrænum hætti.

Deildarskrifstofur háskólans heyra undir kennslusvið. Þeirra hlutverk er að annast skipulag á daglegu starfi í kennsludeildum háskólans í samstarfi við deildarforseta. Í þessu felst meðal annars frágangur á nám- og kennsluskrá og kennsluskiptingu, stundaskrárgerð, skráning upplýsinga um námsframvindu nemenda og prentun prófskírteina.

Skipulag og umsjón prófahalds fer fram á kennslusviði undir stjórn prófstjóra. Prófstjóri gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófahaldi, einkunnaskilum og skráningu einkunna. Prófatímabil eru fimm talsins. Reglulegar próftíðir eru í desember og maí, sjúkra- og endurtökupróf eru í byrjun janúar- og júnímánaðar, loks gefst nemendum tækifæri til þess að þreyta próf í öllum námskeiðum skólaársins í ágúst.

Námsráðgjafi heyrir undir kennslusvið. Markmið starfsins er í megindráttum þríþætt: að leiðbeina núverandi og væntanlegum nemendum háskólans um val á námi. Að veita einstaklingum og hópum leiðsögn á meðan á námi stendur, ekki síst um námstækni og bætt vinnubrögð í námi. Að veita nemendum persónulega ráðgjöf meðal annars varðandi námsframvindu og einkalíf.

Á vegum náms- og starfsráðgjafar voru haldin tvö námskeið á haustmisseri 2007. Annars vegar var um að ræða 8 tíma námskeið um námstækni og vinnubrögð í námi. Kennari var Solveig Hrafnsdóttir náms- og starfsráðgjafi. Hins vegar var boðið upp á stutt námskeið um prófkvíða/kvíðastjórnun. Kennarar á því voru Kristján Jósteinsson félagsráðgjafi og Solveig Hrafnsóttir. Fjarnemum var boðinn aðgangur að báðum námskeiðunum. Námskeiðahald þetta er liður í að auka þjónustu við nemendur HA og auka færni þeirra til náms. Þá var smiðja haldin á haustmisseri undir merkjum náms- og starfsráðgjafar sem fjallaði um alþjóðamál, skiptinám og fleira og var hún haldin í samvinnu við alþjóðafulltrúa HA og FSHA.

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með skiptinámi nemenda, ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi. Á árinu 2007 stunduðu 39 skiptinemar nám við skólann frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Belgíu, Kanada, Kína, Tékklandi, Þýskalandi, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Ítalíu, Lettlandi, Póllandi, Rússlandi, Svíþjóð og Bandaríkjunum. Alls stunduðu 23 nemendur frá HA skiptinám erlendis og dvöldu þeir í eftirtöldum löndum: Noregi, Kína, Lettlandi, Svíþjóð, Danmörku, Bandaríkjunum og Finnlandi.

Alþjóðavika var haldin á miðju haustmisseri í umsjón alþjóðafulltrúa og námsráðgjafa í samstarfi við FSHA. Á dagskrá voru meðal annars kynningar frá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins um styrki til náms erlendis, kynningar alþjóðafulltrúa og námsráðgjafa, boðið upp á fjölþjóðlegar veitingar í mötuneyti skólans og skiptinemar fóru í óvissuferð skipulagða af FSHA.

Á árinu tók starfsfólk kennslusviðs þátt í undirbúningi umsókna háskólans um viðurkenningu á fræðasviðum sínum. Verkefnið fólst í öflun ýmissa gagna um starfsemi skólans og uppfærslu á heimasíðu hans á íslensku og ensku.

Talsverðar breytingar urðu á mannahaldi á kennslusviði á árinu 2007. Fjórir starfsmenn létu af störfum og voru aðrir ráðnir í þeirra stað. Fastir starfsmenn kennslusviðs eru 12.

# FJARNÁM

Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum sínum öfluga stoðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heimabyggð.

Fjarkennsla við Háskólann á Akureyri hófst haustið 1998 þegar boðið var upp á fjarnám við heilbrigðisdeild. Um var að ræða nám í dagskóla á hjúkrunarfræðibraut, þar sem kennt var um myndfundabúnað samtímis á Akureyri og Ísafirði. Ári síðar bættust svo nemendur á Egilsstöðum í þennan hóp. Frá árinu 1998 hefur fjarnám verið vaxandi þáttur í námsframboði Háskólans á Akureyri og veturinn 2007-2008 buðu þrjár deildir af fjórum upp á fjarnám, þ.e. heilbrigðisdeild, kennaradeild og viðskipta- og raunvísindadeild.

„Háskólinn fylgist vel með þróun í upplýsinga-, samskipta- og kennslutækni og innleiðir nýjungar á því sviði markvisst.“

**Heilbrigðisdeild – hjúkrunarfræðibraut**
Á hjúkrunarfræðibraut fer fram fullt nám í dagskóla þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðbundnu námi. Námið byggir að mestu á gagnvirkum myndfundabúnaði, en kennarar nýta einnig vefnámsumhverfið WebCT og tölvusamskipti í síauknum mæli.

Skólaárið 2007-2008 voru nemendur við heilbrigðisdeild í fjarnámi á Egilsstöðum, Höfn, Ísafirði, Reykjanesbæ og Selfossi.

**Kennaradeild–leikskólabraut / grunnskólabraut**
Fjarnámið er að hluta til miðað við fólk sem er starfandi í skólum (þó vissulega sé það opið öðrum sem uppfylla inntökuskilyrði) og stundar því ekki fullt nám heldur tekur námið á lengri tíma. Á leikskólabraut hófst fjarnám árið 1999 og á grunnskólabraut árið 2003. Þau námskeið sem kennd eru í fjarnámi eru þau sömu og í staðbundna náminu. Námið byggir á gagnvirkum myndfundabúnaði en kennarar nýta einnig vefnámsumhverfið WebCT.

Skólaárið 2007 - 2008 voru nemendur við kennaradeild í fjarnámi á Akranesi, Árborg, Blönduósi, Grundarfirði, Hafnarfirði, Höfn, Ísafirði, Neskaupstað, Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Vestmannaeyjum, Vík, Vopnafirði og Þórshöfn.

**Viðskipta – og raunvísindadeild**
Í viðskipta- og raunvísindadeild er miðað við að fólk geti stundað vinnu meðfram náminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer fram að mestu leyti á netinu gegnum vefnámsumhverfið WebCT en til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði í mörgum námskeiðum. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið.

Skólaárið 2007 - 2008 voru nemendur við deildina í fjarnámi á Akranesi og Blönduósi, í Búðardal, á Dalvík og Egilsstöðum, í Hafnarfirði, á Ísafirði, í Neskaupstað, á Sauðárkróki, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd, í Stykkishólmi, á Patreksfirði, í Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og á Þórshöfn.

Þegar fjarkennslan hófst var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við háskólann. Hröð þróun í upplýsingatækni býður þó upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun námsefnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi. Háskólinn fylgist vel með þróun í upplýsinga-, samskipta- og kennslutækni og innleiðir nýjungar á því sviði markvisst. Má þar nefna gagnvirkar töflur og skjái, upptökur í dagskóla, beinar útsendingar, vefsíður kennara og kennslukerfið WebCT sem m.a. hefur að geyma innbyggt póstforrit, vefumræður, spjallrásir, prófatæki, verkefnaúthlutara, hópvinnuverkfæri og ýmsa möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi. Upplýsingakerfið Stefanía sem þróað hefur verið af Stefáni Jóhannssyni sérfræðingi í HA veitir aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu lífi í skólanum, s.s. stundaskrá, próftöflum, námsframvindu, námskeiðslýsingum og svo mætti lengi telja.

Frá upphafi hefur Háskólinn á Akureyri lagt áherslu á að mynda hópa á þeim stöðum þar sem boðið er upp á fjarnám. Háskólinn hefur því átt öflugt samstarf um fjarkennslu við bæjarfélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið. Enda er það talin forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til móttöku kennslu gegnum myndfundabúnað, tölvur og net. Hefur það sýnt sig að myndun námshópa á fjarkennslustöðum hefur reynst góð leið til að efla hópkennd og stuðning nemenda í milli. Á fjarkennslustöðunum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuaðstöðu.

**Helstu samstarfsaðilar háskólans eru:**
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi
Háskólasetur Vestfjarða
Farskóli Norðurlands vestra
Þekkingarsetur Þingeyinga
Þekkingarnet Austurlands
Fræðslunet Suðurlands
Viska - Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Námsflokkar Hafnarfjarðar

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi, m.a. á þann hátt að nemendur geta dreift náminu á lengri tíma en gert er ráð fyrir í fullu námi. Fjarnemar greiða sömu skrásetningargjöld og aðrir nemendur við háskólann en þurfa jafnan að greiða hófleg aðstöðugjöld til sinnar fræðslu- eða símenntunarstöðvar.

Verkefnastjóri fjarnáms er Erlendur Steinar Friðriksson.



# SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Markmið Símenntunar Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Þar sem Símenntun HA nýtur ekki fjárveitinga frá Alþingi þarf starfsemin að standa undir öllum útlögðum kostnaði og taka tillit til samkeppnislaga. Eitt stöðugildi er hjá Símenntun og hefur verið svo sl. átta ár.

Ítölskunámskeið fyrir byrjendur, lengra og langt komna, styrkt af ítalska utanríkisráðuneytinu, voru haldin fyrir nemendur skólans og aðra áhugasama eins og undanfarin ár. Þá voru áfram í boði námskeið í kínverskum fræðum á vormisseri en um 50 manns tóku þátt í þremur námskeiðum. Byrjunar- og framhaldsnámskeiðum í kínversku og námskeiði um viðskipti í Kína. Flestir þátttakendur voru nemendur í HA og HÍ en námskeiðin voru fjarkennd milli skólanna. Þessi námskeið voru m.a. styrkt af kínverska sendiráðinu sem kostaði kennara hingað til kínverskukennslu. Þá eru ótalin ýmis styttri námskeið sem haldin voru á vormisseri.

Símenntun Háskólans á Akureyri brautskráði 8. júní sjö nemendur sem hafa lagt stund á fjögurra missera rekstrar- og stjórnunarnám ætlað talsmönnum stéttarfélaga ASÍ og BSRB og fór brautskráning fram í Listasafni ASÍ. Námið er sérskipulagt í samstarfi við viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri og Félagsmálaskóla alþýðu. Einn af kostum námsins er sveigjanleikinn, en hægt er að hefja námið í byrjun hvers misseris. Þá koma nemendur í Háskólann á Akureyri til að kynnast innbyrðis, kennurum, skólanum og þeirri tækni sem beitt er við kennsluna. Á hverju misseri eru kenndar þrjár námsgreinar, ein í senn, og fara fyrirlestrar fram á símenntunarmiðstöðvum vítt og breitt um landið eða þar sem nemendur eru hverju sinni. Próf og verkefnaskil fara fram í vefnámsumhverfi háskólans (WebCT). Námsgreinar eru: haglýsing, opinber stjórnsýsla, hagfræði, vinnuréttur, fjárhagsbókhald og greining ársreikninga, hagkerfi, stjórnun, upplýsingatækni, starfsmannastjórnun, áætlanagerð, stefnumótun og fjármál. Alls er námið 120 kennslustundir.

Sumarnámskeið fyrir grunnskólakennara hafa nánast lognast út af vegna þátttökuleysis en aðeins eitt námskeið var haldið á árinu 2007, fyrir kennara á Húsavík.

Starfsemi haustmisseris hófst með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur í efnafræði, fjárhagsbókhaldi og stærðfræði sem einnig var kennd fjarnemendum HA í Hafnarfirði. Um 110 einstaklingar sóttu þessi námskeið. Námskeið í ítölsku voru kennd eins og á vormisseri. Auk þessa voru ýmis styttri námskeið kennd á misserinu.

Í stjórn Símenntunar, sem er skipuð af háskólaráði, eru Anna Þóra Baldursdóttir, lektor og brautarstjóri, Laufey Petrea Magnúsdóttir, forstöðumaður kennslusviðs og Úlfar Hauksson, forstöðumaður fjármála, formaður stjórnar.

Elín Margrét Hallgrímsdóttir er símenntunarstjóri.





# RHA - RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ

RHA - Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri er sjálfstæð eining innan HA. RHA nýtur engra fastra fjárframlaga, heldur aflar sér tekna með rannsóknaverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti, félagasamtök og með rannsóknastyrkjum innanlands sem utan.

Árið 2007 störfuðu við RHA, auk forstöðumanns, skrifstofustjóra og tveggja verkefnastjóra, átta sérfræðingar, sem fengust við rannsóknir á byggðatengdum málum, sveitarstjórnarmálum, nýsköpunarmálum auk ýmissa samfélagslegra rannsókna.

Hlutverk RHA er að efla rannsóknastarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið. Einnig hefur miðstöðin það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg.

**Markmiðið með stofnun Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar HA var í meginatriðum fjórþætt:**
· Efla umsýslu og þjónustu við rannsóknir innan HA með það að markmiði að efla rannsóknir við HA og auka fjármagn til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
· Vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
· Vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar stofnanir og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmastan hátt.
·Vera tengiliður HA við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir atvinnulífið og miðla þekkingu þangað frá HA.

Auk þessa rekur RHA rannsóknasvið með þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. Þetta eru þættir er lúta að stjórnsýslu, umsjón, þjónustu og ráðgjöf við rannsóknir í HA.

**Verkefnið felst m.a. í:**
Umsjón með stigamati og rannsóknaskýrslum
Umsjón með sjóðum og styrkumsóknum
Þjónustu við dómnefnd HA vegna grunnmats og framgangs
Umsjón með rannsókna- og starfsþjálfunarleyfum
Umsjón með vinnumatssjóði
Þjónusta við Vísindaráð

Í tengslum við RHA hefur verið rekin Byggðarannsóknastofnun Íslands og er forstöðumaður RHA jafnframt forstöðumaður hennar. Starfsemi stofnunarinnar hefur verið lítil undanfarin ár en þó er langtímaverkefnið Rannsókn á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi unnið undir merkjum stofnunarinnar. Á árinu var lokið við eina skýrslu í verkefninu og unnið að gerð áfangaskýrslu II. Rannsóknir í verkefninu eru einkum unnar af starfsmönnum RHA.

> **„Hlutverk RHA er að efla rannsóknastarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið.“**

Rannsóknaverkefnin sem unnin voru af starfsmönnum RHA árið 2007 voru margvísleg og gefur meðfylgjandi listi yfir rannsóknaskýrslur og ráðstefnur RHA góða innsýn í umfang og fjölbreytileika starfseminnar. Allar nánari upplýsingar um starfsemi RHA má finna á vefsvæðinu www.rha.is.

**Rannsóknaskýrslur**:
Olíuhreinsistöð á Vestfjörðum - Skoðun á völdum samfélagsþáttum 2007.
Höfundar: Jón Þorvaldur Heiðarsson, Hjalti Jóhannesson, Kjartan Ólafsson.
Continuity or Transformation? Perspectives on Rural Development in the Nordic Countries.
Ritstjóri: Andrew C. Copus, aðrir höfundar: Agnar Hegrenes, Erika Knobblock, Frida Andersson, Hanne Tanvig, Hannu Katajamäki, Hilkka Vihinen, Hjalti Jóhannesson, Irene Molina, Mau Pedersen, Niels Jorgen, Odd Jarl Borch, Richard Ek, Riikka Ikonen, Sjur Spildo Prestegard.

# RHA - RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ

Demographic Changes, Labour Migration and EU-enlargement - Relevance for the Nordic Countries.
Höfundar: Ingi Rúnar Eðvarðsson, Elli Heikkilä, Mats Johansson, Hjalti Jóhannesson, Daniel Rauhut, Torben Dall Schmidt, Lasse Sigbjørn Stambøl & Sirkku Wilkman.

Þjónustukönnun meðal bænda.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.
Viðhorfskönnun meðal félagsmanna BSRB.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Sustainable Hunting Tourism - Business Opportunity in Northern Areas? Overview of Hunting and Hunting Tourism in Four Northern Countries: Finland, Sweden, Iceland and Canada.
Ritstjóri: Anne Matilainen. Höfundar íslenska hlutans: Hjördís Sigursteinsdóttir, Edward Huijbens, Áki Ármann Jónsson, Ólöf Harpa Jósefsdóttir og Emil Björnsson.

Umskipunarhöfn á Íslandi fyrir Íshafssiglingar, fjórir mögulegir staðir 2007.
Höfundur: Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Nýnemakönnun 2007.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Fjarnám við íslenska háskóla: Úttekt og stöðugreining.
Höfundar: Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Erla Þrándardóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Ögmundur Knútsson.

Félags- og efnahagsleg áhrif Héraðsskóga.
Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir og Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Markaðsrannsókn Íslenskra verðbréfa hf. Markhópur 1.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

Markaðsrannsókn Íslenskra verðbréfa hf. Markhópur 2.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

Markaðsrannsókn Íslenskra verðbréfa hf. Markhópur 3.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

Nýr Kjalvegur: Mat á samfélagsáhrifum.
Höfundar: Jón Þorvaldur Heiðarsson, Njáll Trausti Friðbertsson, Valtýr Sigurbjarnarson og Hjalti Jóhannesson.

Nýr Kjalvegur: Mat á þjóðhagslegri arðsemi.
Höfundur: Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Rannsóknarrit nr. 4: Úrtakskönnun meðal almennings vorið 2007.
Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Tryggvi Guðjón Ingason.

Samvinna sveitarfélaga í Eyjafirði: Greining og framtíðarfyrirkomulag.
Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson.

Skólamál í Langanesbyggð – úttekt.
Höfundar: Trausti Þorsteinsson og Hjalti Jóhannesson

Skólamál í Aðaldælahreppi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit - athugun á málefnum grunnskóla.
Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson.

Regional Development in Iceland. Regions, Summer 2007.
Höfundar: Elín Aradóttir og Hjalti Jóhannesson.

Vaðlaheiðargöng: Mat á umferðaraukningu við opnun þeirra.
Höfundur: Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna KJALAR.
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

Virkjum alla - Rafrænt samfélag: Áfangaskýrsla 2.
Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir og Tryggvi Guðjón Ingason.

**Ráðstefnur**

Líftækniráðstefna
Utanumhald með ráðstefnu um stöðu og framtíð líftækni á Íslandi á vegum Viðskipta- og raunvísindadeildar Háskólans á Akureyri, haldin föstudaginn 16. nóvember.

Sjávarútvegsráðstefna
Utanumhald með lokuðum vinnubúðum um sjávarútvegsmálefni sem Háskólinn á Akureyri og SINTEF í Noregi stóðu fyrir 11.–12. október fyrir norræna fræðimenn.



# UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið rak bókasafn háskólans, annaðist útgáfumál hans, sérsöfn eins og lista- og steinasöfn og hafði umsjón með innleiðingu rafræns skjalakerfis. Frá 1. mars var forstöðumaður sviðsins ráðinn tímabundið sem gæðastjóri háskólans og leysti háskólabókavörður hann af störfum. Fastráðnir starfsmenn á sviðinu í árslok 2007 voru sex talsins í 5,35 stöðugildum. Einn starfsmaður í fullu starfi var í tímabundnu verkefni sem styrkt var af Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra og tveir nemendur unnu á bókasafninu yfir vetrartímann, samtals í hálfu stöðugildi.

Bókasafnið hefur lagt áherslu á að geta boðið aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og reynt að byggja bóka- og tímaritakost safnsins upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið háskólans. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í upplýsingalæsi en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum.

Á bókasafninu er lögð áhersla á þjónustu við fjarnema og lagt til grundvallar að þeir skuli njóta sömu þjónustu og nemendur í staðarnámi. Því hefur bókasafnið m.a. komið upp gagnasafninu Hlöðunni sem geymir skannað lesefni vegna valinna námskeiða við háskólann að því tilskildu að greitt hafi verið til höfunda fyrir birtinguna skv. samningi við Fjölís, hagsmunasamtök höfunda. Hlaðan geymir einnig próf sem tekin hafa verið við háskólann á undangengnum þremur árum. Hlaðan er fyrsta gagnasafn sinnar tegundar á landinu og hefur verið afar vel tekið meðal nemenda.

Á árinu var unnið að þróun og uppsetningu á Skemmunni, rafrænu geymslusafni (digital repository) þar sem vistuð eru stafræn eintök af lokaverkefnum nemenda við Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Geymslusafnið er samvinnuverkefni háskólanna og voru fyrstu rafrænu lokaverkefnin vistuð á vordögum 2007. Hugbúnaðurinn DSpace er notaður fyrir Skemmuna. DSpace er opið kerfi (open source software) sem háskólar og rannsóknarstofnanir um allan heim geta nýtt sér og lagað að eigin þörfum.

Upplýsingasvið annast útgáfumál háskólans og hefur útgáfusjóði verið komið upp til eflingar þeim. Útgáfusjóðurinn hefur það hlutverk að veita útgáfustyrki og útgáfulán að öllu leyti eða að hluta til vegna rita sem gefin eru út á vegum starfsmanna háskólans. Sem fyrr hefur verið náið samstarf við Háskólaútgáfuna í Reykjavík sem hefur gegnt hlutverki verktaka við útgáfu rita Háskólans á Akureyri.

„Hlaðan er fyrsta gagnasafn sinnar tegundar á landinu og hefur verið afar vel tekið meðal nemenda.“

Á árinu 2007 var unnið að innleiðingu rafrænnar skjalastjórnunar við Háskólann á Akureyri og GoPro.net hugbúnaðurinn frá Hugviti tekinn í notkun. Innleiðingarhópur um rafræna skjalastjórn undirbjó verkið ásamt ráðgjafa sem lagði línurnar varðandi verklag og vinnubrögð í skjalamálum sem ætlað er að tryggja að alþjóðlegum stöðlum um meðferð og vistun skjala sé fylgt. Frá 1. september var skjalastjóri fastráðinn til starfa við háskólann.

# FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

FSHA, félag stúdenta við Háskólann á Akureyri, var stofnað árið 1987. Það er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann á Akureyri og jafnframt málsvari allra háskólastúdenta. Félagið fer með þau mál er varða hagsmuni jafnt innan skóla sem utan, til að mynda gagnvart háskólayfirvöldum, stjórnvöldum og öðrum þeim sem áhrif hafa á málefni stúdenta. Allir nemendur við háskólann verða sjálfkrafa félagar við greiðslu skrásetningargjalda.

Á fyrsta stjórnarfundinum hjá nýrri stjórn skipti stjórnin með sér verkum í embættin: alþjóðafulltrúi, fjármálastjóri, fjölskyldufulltrúi, skrifstofustjóri, upplýsinga- og kynningarfulltrúi og vefstjóri.

Frá upphafi hefur meginhlutverk FSHA verið að berjast fyrir bættum kjörum stúdenta á margvíslegan hátt. Þessu var að sjálfsögðu haldið áfram og hélt aðalkjarni stjórnarinnar áfram að einbeita sér að því á meðan sérstakar nefndir eins og til dæmis skemmtinefnd sá að mestu um að halda utan um þær skemmtanir sem voru á herðum FSHA. Þar má nefna sprellmót, stóru vísindaferðina til Reykjavíkur og árshátíð. Þar að auki sá stjórnin um að kynna skólann vel fyrir þeim nýnemum sem komu í skólann í sérstakri nýnemaviku þar sem hópurinn var sleginn þétt saman og allir skemmtu sér konunglega.

**Kynningarstarf**
Sérstök áhersla var lögð á kynningarstarf fyrir HA. Töldu stjórnarliðar fækkun milli ára bera þess merki að slakað hefði verið á kröfum um kynningu á kostum Háskólans á Akureyri og því var ákveðið að gera bragarbót á því. Farið var í heimsóknir í framhaldsskóla, prentuð voru auglýsingaspjöld, haldnir voru kynningarfundir og tóku stjórnarmeðlimir góðan þátt í því að vera með í kynningarmyndbandi og heimasíðu sem sett hefur verið upp til kynningar á skólanum.

**Fræðsla**
Vikuna 29. október til 2. nóvember stóð FSHA ásamt alþjóðafulltrúa og námsráðgjafa fyrir alþjóðlegri viku í Háskólanum á Akureyri. Fulltrúi frá Alþjóðaskrifstofu háskólanstigsins kynnti Erasmus og Nordplus skiptinám. Kynning var á Fulbright – styrkjum og sagt frá reynslu af Erasmus skiptinámi. Í kaffiteríu háskólans var alþjóðlegt þema alla vikuna og voru réttir dagsins frá ýmsum þjóðlöndum.

**Endurnýjaðir styrktarsamningar og fjárhagur**
FSHA hélt áfram góðu samstarfi við marga góða styrktaraðila en þar ber hæst að nefna Sparisjóð Norðlendinga (nú Byr) en hann hefur um árabil verið aðalstyrktaraðili FSHA. Fjárhagur félagsins hélst sterkur og skilaði FSHA góðum tekjuafgangi rétt eins og árið á undan.

**Nokkur baráttumál FSHA**
FSHA barðist fyrir hagsmunum nemenda á tímabilinu. Þar má nefna yfirlýsingar sem voru sendar til Akureyrarbæjar vegna göngustíga og göngubrúar yfir og við Glerá til að stytta leiðir. Lítið var þó um svör en með áframhaldandi þrýstingi er ávallt von um að hjól fari að snúast. FSHA barðist fyrir því að fjarnemar og aðrir nemar HA fengju frítt í strætó í Reykjavík rétt eins og aðrir nemendur í skólum sem skráðir eru í Reykjavík. Erindinu hefur enn ekki verið svarað. FSHA sendi frá sér yfirlýsingu sem Kristján Þór Júlíusson fór með inn á Alþingi um að gjald sem Íslendingar utan þjóðkirkjunnar greiða skiptist jafnt á alla háskóla landsins en renni ekki óskipt til HÍ. Þá sendi FSHA frá sér ályktun um mikilvægi þess að ný lög um LÍN gangi í gegn. FSHA hélt öllum mikilvægustu afsláttum fyrir nemendur, stuðlaði að umbótum í húsnæðismálum og ýmsu fleiru.

**Félagslíf**
FSHA stóð fyrir mörgum stórum atburðum eins og áður sagði og blómstraði félagslíf skólans sem aldrei fyrr. Styrkir voru veittir til deildarfélaganna svo þau gætu einnig haldið utan um skemmtanir innan sinna deilda og voru deildirnar duglegar að nýta sér það við mikla ánægju nemenda.

**Stjórn FSHA 2007–2008**
Reynir Albert Þórólfsson formaður
Hjalti Þór Hreinsson varaformaður
Árni Sigurgeirsson skemmtanastjóri
Sara Halldórsdóttir skrifstofustjóri
Steinþór Þorsteinsson fjármálastjóri
Anna Jenný Jóhannsdóttir alþjóðafulltrúi
Magnús Felixson vefstjóri
Rakel Ýr Sigurðardóttir kynningarfulltrúi
Þórey Birna Jónsdóttir fjölskyldufulltrúi

**Formenn deildarfélaga 2007–2008**
Data, félag upplýsingatæknideildarnema:
Jenny Schulze
Eir, félag heilbrigðisdeildarnema:
Soffía S. Jónasdóttir
Kumpáni, félag nema við félagsvísinda- og lagadeild: Hjörtur Ágústsson
Þemis, félag laganema sem starfar undir Kumpána:
Sindri Kristjánsson
Magister, félag kennaradeildarnema:
Ágústa Berglind Hauksdóttir
Reki, félag nema við viðskiptadeild:
Karl Óðinn Guðmundsson
Stafnbúi, félag auðlindadeildarnema:
Jón Ingi Björnsson

**Heimasíða félagsins er: www.fsha.is**



Stjórn FSHA 2007-2008

# FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri (FÉSTA) er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um vetrarvist er til 20. júní og sumarvist til 1. mars.

**Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:**
Útstein með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,
Klettastíg með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1994,
Drekagil þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2001 og Tröllagil með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004.
Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jónas Steingrímsson.

**Stjórn:**
Bjarni Hjarðar lektor, skipaður af háskólaráði
Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður, skipaður af háskólaráði
Ragnar Sigurðsson nemi, skipaður af FSHA
Sara Halldórsdóttir nemi, skipuð af FSHA
Halla Margrét Tryggvadóttir, skipuð af Akureyrarbæ.

# MATVÆLASETUR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Árið 2007 var áttunda heila starfsár Matvælaseturs Háskólans á Akureyri (MHA) en það tók til starfa í janúar árið 2000. Háskólinn á Akureyri leggur til alla starfsaðstöðu og er Matvælasetur HA til húsa að Borgum v/Norðurslóð.

Jón Ingi Benediktsson, forstöðumaður Matvælaseturs frá apríl 2005, tók við starfi forstöðumanns RHA – Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri í lok árs 2006. Í framhaldi af því ákvað stjórn Matvælaseturs að semja við RHA um umsjón með daglegum rekstri þess í samræmi við samning um setrið og ákvarðanir stjórnar.

Á stjórnarfundi þann 21. nóvember 2005 samþykkti stjórn setursins markmið og stefnu MHA fyrir árin 2005-2007 þar sem fram kemur að stefnt er að því að auka veltu setursins um 10-20% á milli ára og að velta einstakra verkefna sem setrið tengist á einn eða annan hátt aukist að minnsta kosti um 20%. Jafnframt var samþykkt að leggja áherslu á að byggja upp rannsóknaaðstöðu í húsnæði MHA á Borgum, að styðja við bakið á rannsóknaverkefnum á verkefnasviði Matvælaseturs með sérstaka áherslu á stuðning við meistaranámsverkefni og að stuðla að samvinnu rannsóknastofnana, háskóla og fyrirtækja um hagnýtar rannsóknir sem nýtast fyrirtækjum í rekstri.

Það er mat stjórnar og forstöðumanns Matvælaseturs að á árinu 2007 hafi flestum þessara markmiða verið náð. Velta setursins jókst um 18% frá árinu 2006. Búið er að byggja upp góða rannsóknaraðstöðu fyrir átta aðila að Borgum. Aðstaða þessi hefur verið vel nýtt af sérfræðingum og nemendum Háskólans á Akureyri og Matís. Þá hefur MHA lagt fram fjármagn til stuðnings við rannsóknaverkefni á tímabilinu, oftast sem mótframlag við verkefni sem fjármögnuð eru með margvíslegum hætti. Þá hefur MHA stuðlað að samvinnu við fyrirtæki um hagnýtar lausnir á vandamálum sem matvælafyrirtæki hafa staðið frammi fyrir, bæði hvað varðar kynningarmál sem og mál sem tengjast úrgangi vegna afurðavinnslu. MHA hefur tekið þátt í að leysa þessi vandamál sem og að aðstoða fyrirtæki sem til setursins hafa leitað. Þó verður að viðurkennast að árangur við að koma á samstarfi milli sérfræðinga annars vegar og fyrirtækja hins vegar hefur ekki verið sem skyldi.

Á árinu 2007 vann Matvælasetur m.a. að eftirtöldum verkefnum:

**Úttekt á umhverfisþáttum Eyjafjarðarsvæðisins með tilliti til matvælaframleiðslu og framtíðarlausnar í sorpmálum.** MHA kom að þessu verkefni í samstarfi við fyrirtæki, fjárfesta og sveitarfélög á svæðinu og hefur fyrirtækið Molta hf verið stofnað um verkefnið.

Verkefni um **vöruþróun í fiskvinnslu** byggði á samstarfi milli fiskvinnslufyrirtækis, matreiðslumanna, sérfræðinga HA og fleiri aðila um þróun á fullunninni vöru fyrir heimamarkað og til útflutnings og gerð viðskiptaáætlunar þar um. Verkefninu er lokið og vörur komnar á markað.

Verkefni um **framleiðslu á tilbúnum mat**, m.a. fyrir skóla, stofnanir og almenna vinnustaði. Starfsmenn setursins funduðu með forsvarsmönnum skólamála hjá Akureyrarbæ, og lýstu þeir yfir áhuga á því að vinna með fyrirtækjunum að þessu verkefni. Verkefnið er nú í höndum Norðlenska og Ektafisks sem tóku að sér að sjá um að koma því í farveg.

MHA, HA og Símey, í samstarfi við ýmsa áhugasama aðila hjá fyrirtækjum og sveitarfélögum hafa sett upp samfallandi línu af **námskeiðum fyrir starfsfólk í matvælavinnslu** og einnig fyrir það starfsfólk fyrirtækja í verslun og þjónustu sem vinnur með „hrámeti". Um er að ræða námskrár fyrir þrjár námslínur, þ.e. grunnnám, fjöltækninám og svo nám sérstaklega ætlað fyrir millistjórnendur og er miðað við að hægt verði að stunda námið með vinnu og að það gefi einingar á framhaldsskólastigi. Fjöltækninámið er þegar farið af stað og er áætlað að allar línurnar fari af stað eftir áramót. Námskrá er tilbúin og í kynningu hjá fyrirtækjum. Verkefnið er í höndum Símey sem mun sjá um framkvæmd í samstarfi við sérfræðinga HA.

MHA setti af stað, í samstarfi við sérfræðinga HA og fleiri aðila, verkefni um **tengsl matvæla við heilbrigði og heilsu með sérstakri áherslu á sjávarfang.** Forstöðumaður MHA var meðal annars leiðbeinandi í einu lokaverkefni við HA um það efni.

Matvælasetur kom beint að samstarfi HA, Norðurskeljar og erlendra fyrirtækja og háskóla hvað varðar verkefni í kræklingarækt. Einn angi þeirrar vinnu var yfirgripsmikil alþjóðleg ráðstefna um skelrækt sem haldin var á Hótel KEA þann 12. janúar 2008.

Matvælasetur er aðili að verkefni sem hefur það meðal annars að markmiði að rannsaka ákveðna þætti í **lífríki Eyjafjarðar** m.t.t. áhrifa á „matvælaeldi" í firðinum. Að þessu verkefni koma allir helstu hagsmunaaðilar á svæðinu þar með talin fyrirtæki og stofnanir og er það í samstarfi við mennta- og rannsóknaklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar. Áfram er unnið að þessu verkefni í samstarfi við Hafró og fyrirtæki á svæðinu, má þar m.a. nefna aðkomu að meistaraprófsverkefni við auðlindasvið HA sem mun fjalla um gæðavottun sjávarafurða. Er það verkefni unnið í samstarfi við og að hluta fjármagnað af Samherja.

**Sérfræðingur til láns** er samstarfsverkefni Matvælaseturs, sérfræðinga HA og annarra hagsmunaaðila um ráðgjöf til matvælafyrirtækja, þeim að kostnaðarlausu til að byrja með. Ráðgjöfin getur snúið að vöruþróun, hreinlæti, rekstrarþáttum o.s.frv. og snýst um að nýta þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar á svæðinu, fyrirtækjunum til hagsbóta. Verkefnið er komið af stað og hefur forsvarmaður komið að verkefnum og setið fundi m.a. með atvinnumálanefndum sveitarfélaga á svæðinu, AFE og fiskverkendum.

Í framhaldi af stofnun félagsins „Matur úr héraði / Local food" og góðum árangri af samstarfi framleiðenda af svæðinu á sýningunni Matur 2006 var unnið áfram að verkefnum sem hafa með **ímynd svæðisins sem matvælaframleiðslusvæðis** að gera. Þau verkefni voru sum hver komin vel af stað auk þess sem verkefni sem tengjast gæðamálum og markvissri upphefð á þeirri vöru og þjónustu sem fyrirtæki á svæðinu hafa upp á að bjóða, féllu undir sama hatt. Sem hluti af þekkingaröflun á þessu sviði fór starfsmaður Matvælaseturs ásamt Júlíusi Júlíussyni, framkvæmdastjóra Fiskidagsins, og Friðriki V. Karlssyni matreiðslumeistara á alþjóðlega matvælaráðstefnu og sýningu í Milano og var sú ferð fjármögnuð af matvælaklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Sýningin Matur-inn 2007 fór fram 13. og 14 október og gekk afar vel með u.þ.b. 10.000 gestum og kom MHA að því verki.

Í tengslum við þetta hafa MHA og Vaxtarsamningur Eyjafjarðar staðið að umfangsmiklum könnunum meðal erlendra ferðamanna og einnig meðal landsmanna á ímynd svæðisins sem matvælaframleiðsluhéraðs og sem ferðamannastaðar.

> **„Sérfræðingur til láns er samstarfsverkefni Matvælaseturs, sérfræðinga HA og annarra hagsmunaaðila um ráðgjöf til matvælafyrirtækja.“**

Verkefni sem felst í að **kortleggja matvælaframleiðslu svæðisins,** koma þeim upplýsingum í gagnabanka og þaðan áfram til fyrirtækja og almennings er lokið af hálfu Matvælaseturs. Búið er að safna saman miklu magni upplýsinga um fyrirtækin á svæðinu sem tengjast matvælum, framleiðslu og vinnslu á einn eða annan hátt. Fenginn var nemi á lokaári við upplýsingasvið viðskipta- og raunvísindadeildar HA til að setja upp gagnagrunn til að hýsa þær upplýsingar og til að aðstoða við að koma upplýsingunum þar inn. Gagnagrunnurinn er tilbúinn og unnið að því að hanna og setja notendavænan „front" á hann. Munu AFE og fyrirtækin á svæðinu leiða þá vinnu.

**Sjávarútvegsskóli Háskóla SÞ (UNU-FTP).** Matvælasetur hefur tekið að sér fleiri verkefni sem tengjast samningi HA við UNU-FTP. Hefur forstöðumaður unnið að þeim verkefnum í samstarfi við sérfræðinga innan HA sem og utan og var m.a. meðleiðbeinandi tveggja nemenda í lokaverkefni frá skólanum. Auk þess hefur Matvælasetur, í samstarfi við sérfræðinga HA, RHA og í samvinnu

# MATVÆLASETUR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

við ÞSSÍ og sjávarútvegsfyrirtæki á svæðinu tekið að sér að setja saman námsefni um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja og stofnana. Í því felst að útbúin verða námskeið sem annars vegar eru ætluð fyrir opinber fyrirtæki og stofnanir og hins vegar fyrir einkafyrirtæki í þeim löndum sem UNU-FTP hefur mest verið að vinna með. Námskeiðin verða haldin á heimaslóðum þátttakenda með dyggri aðstoð og aðkomu heimamanna.

Forstöðumaður MHA og aðrir sem tengjast setrinu á einn eða annan hátt hafa komið að ýmsum verkefnum sem tengjast matvælum innan HA sem og utan. Má þar m.a. nefna að **leiðbeina nemum í lokaverkefnum** við viðskipta- og raunvísindadeild HA sem unnin eru í samstarfi við fyrirtæki og hagsmunaaðila á svæðinu, t.d. Norðlenska, MS (Norðurmjólk), ÚA (Brim), Promens (Sæplast), Ektafisk og Verðlagsstofu skiptaverðs. Einnig kom forstöðumaður að samstarfsverkefni matvælafyrirtækja á svæðinu um **lækkun flutningskostnaðar** og naut til þess aðstoðar sérfræðinga RHA sem og starfsmanna AFE.

Til viðbótar við ofannefnt hefur forstöðumaður MHA á undanförnum árum haft yfirumsjón með sameiginlegum



**tækjakaupum** Matvælaseturs HA, RF/Matís og Hafró fyrir rannsóknarýmið á 1. hæð að Borgum. Var þeirri samvinnu haldið áfram á árinu 2007 og sameiginlega hafa þessir aðilar byggt upp mjög öflugan tækjakost meðal annars til matvæla- og auðlindarannsókna og hafa notið til þess verulegra styrkja frá Tækjasjóði Rannís auk styrkja frá fyrirtækjum og hagsmunasamtökum.

Í framhaldi af opnun rannsóknaaðstöðu Matvælasetursins á 1. hæð að Borgum voru settar reglur um úthlutun þeirra 8 rannsóknarýma sem Matvælasetrið hefur yfir að ráða. Er auglýst eftir umsóknum í vinnuaðstöðu í húsnæði Matvælaseturs einu sinni á ári og var vinnuaðstaðan fullnýtt árið 2007 og komu tímabil þar sem Matvælasetur gat ekki annað eftirspurn eftir aðstöðu. Hefur aðstaðan verið nýtt af sérfræðingum HA og Matís auk innlendra sem og erlendra gestavísindamanna.

**Stjórn Matvælaseturs Háskólans á Akureyri:**
Eyjólfur Guðmundsson, formaður
Jón Kjartan Jónsson
Rannveig Björnsdóttir 1. júlí 2007 – 31. desember 2007
Stefanía Katrín Karlsdóttir 1. janúar – 30. júní 2007
Forstöðumaður Matvælaseturs er Jón Ingi Benediktsson.



# FERÐAMÁLASETUR ÍSLANDS

Ferðamálasetur Íslands er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. Ferðamálasetrið er stutt sameiginlega af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Samtökum ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. Allir hafa þessir aðilar sameiginlega hagsmuni af því að efla rannsóknir og menntun í ferðaþjónustu og auka þekkingu í greinum sem tengjast ferðamálum. Tengsl milli þessara ólíku aðila gefa færi á að samnýta aðstöðu og færni og um leið að styrkja samband háskólastarfs og atvinnulífs. Ferðamálasetur Íslands er miðpunktur þessara tengsla og eflir þannig samskipti milli lykilaðila í greininni.

**Áætlanirnar þrjár**
Markmið stofnunarinnar eru að styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs, efla rannsóknir og menntun á sviði ferðamála og auka þekkingu um ferðamál.

**Atvinna**
Höfuðmarkmið þessarar áætlunar er að fá gleggri heildarsýn á áhrif gestakoma á mismunandi þætti stoðkerfis atvinnugreinarinnar og um leið stuðla að heildarskilgreiningum á atvinnugreininni, sem gagnast gætu við frekari hagtölugreiningar á landsvísu. Eitt helsta verkefni stjórnvalda er að stilla saman arðsemi, byggðastefnu og náttúruvernd þegar kemur að áhrifum ferðamanna á landið og er skilningur á samspili innviða greinarinnar frumforsenda þess að slíkt verkefni takist. Einnig mun þetta verkefni hjálpa greininni sjálfri að taka réttar ákvarðanir til að bæta afkomu og að sama skapi að hjálpa fjárfestum og lánveitendum að þjóna greininni betur. Öflugar rannsóknir er lúta að hagrænum áhrifum ferðaþjónustu eru forsenda áætlanagerðar og stefnumótunar í greininni. Sömuleiðis hefur vantað öfluga ráðgjöf við aðila í ferðaþjónustu. Forsenda slíkrar starfsemi byggir á greinargóðum upplýsingum og rannsóknum m.ö.o. þekkingu á greininni.

**Menning**
Þessi áætlun tekur til fjölbreyttra rannsókna sem lúta að menningu og ferðaþjónustu á Íslandi. Markmið hennar er að efla rannsóknir með því að skýra og afmarka rannsóknarsviðið, skapa farveg fyrir samstarf ólíkra fræðasviða gegnum stofnun tengslanets einstaklinga og stofnana og samþætta rannsóknir. Með eflingu rannsókna verða fræðin treyst í sessi og nýsköpun efld í uppbyggingu ferðaþjónustu, forsendur fagmennsku treystar, gæðaviðmið þróuð og menntun efld.

**Umhverfi**
Þessi áætlun tekur til fjölbreyttra rannsókna sem lúta að ferðamennsku og umhverfi á Íslandi. Markmið hennar er að efla þekkingu á hvernig haga skal nýtingu umhverfis á sjálfbæran hátt í þágu ferðamennsku. Rannsóknir verða efldar með því að skýra og afmarka rannsóknasviðið, skapa farveg fyrir samstarf ólíkra fræðasviða gegnum stofnun tengslanets einstaklinga og stofnana og samþætta rannsóknir.

Ferðamálasetur Íslands treysti sig í sessi á árinu sem rannsóknastofnun ferðaþjónustunnar með virkri þátttöku á fjölda funda um land allt sem og með samvinnu við fjölda aðila við eftirtalin rannsóknaverkefni.

- Rannsóknaverkefni ársins
- Verkefni Akureyrarstofu

Markmiðið með rannsókninni er að kanna ferðavenjur Íslendinga yfir vetrartímann með áherslu á Norðurland.

Ferðamálasetur Íslands hýsir og hefur umsjón með rannsókninni, heldur utan um upplýsingar og útgefið efni í samvinnu við Akureyrarstofu, Vetraríþróttamiðstöð Íslands og Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi og hefur umsjón með bókhaldi og fjárreiðum rannsóknarinnar.

**Verkefni fyrir Landsvirkjun**
Verkefnin eru tvö og voru unnin á tímabilinu ágúst 2007 til 31. janúar 2008. Annars vegar var um að ræða mat á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á Þeistareykjum og háspennulínu frá Kröflu að Bakka við Húsavík, á ferðaþjónustu og útivist á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Hins vegar var um sambærilega rannsókn að ræða vegna virkjunar Hagavatns sunnan Langjökuls. Báðar skýrslur koma út í janúar 2008.

**Úttekt á ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum og mótun framtíðarsýnar**
Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

**Verkefni Vaxtarsamnings**
Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum fyrir Vaxtarsamning Eyjafjarðar.

**Nýsköpun í íslenskri ferðaþjónustu – NICe verkefnið**
Í samvinnu við aðila á öllum Norðurlöndum var unnið að því að greina nýsköpun í ferðaþjónustu og á hvaða forsendum hún verður. Markmiðið var að reyna að átta sig á hvaða „nýsköpunarkerfi" er virkjað í kringum nýsköpun í ferðaþjónustu sem ber ávöxt og ætti því að geta nýst sem hagnýtur leiðarvísir fyrir frumkvöðla í greininni með alþjóðlegri vísan. Lokaskýrslu verður skilað til norræna nýsköpunarsjóðsins 31. janúar 2008.

**Norrænt samstarfsverkefni um skotveiðitengda ferðaþjónustu – Nordhunt verkefnið**
Setrið er þátttakandi í samnorrænu verkefni um sjálfbæra uppbyggingu skotveiðitengdrar ferðaþjónustu á Íslandi og jaðarsvæðum Norðurlanda. Er um að ræða rannsóknir í því skyni að efla samstarf frumkvöðla, sveitarfélaga og hins opinbera, ásamt Umhverfisstofnun og háskólum í markaðssetningu og gerð ferðaþjónustu í kringum skotveiðar. NPP mun styrkja verkefnið til þriggja ára, 2008-2010.

**Ímyndir Íslands og Norðursins**
Markmið rannsóknarverkefnisins Ísland og ímyndir norðursins er að varpa ljósi á Ísland sem mikilvægan hluta af norðurslóðum, fjölbreyttar ímyndir Íslands í norðrinu, hlutverk slíkra ímynda í nútímanum og rætur þeirra. Verkefnið er þverfaglegt samstarfsverkefni með þátttöku íslenskra og erlendra fræðimanna í hug- og félagsvísindum.

FMSÍ leggur til þessa verkefnis rannsókn á þróun ímyndar Íslands sem alþjóðlegs áfangastaðar, sérstaklega með tilliti til þeirrar vinnu sem nú fer fram um ímyndarsköpun á vegum forsætisráðuneytis og snýst um vörumerkjavæðingu landsins.

**Mat á áhrifum svæðisbundinnar markaðssetningar**
Setrið leiðir verkefni sem stofnað var til að frumkvæði Markaðsskrifstofu Vestfjarða um að meta áhrif af svæðisbundinni markaðssetningu. Rannsóknin snýst um að meta árangur af svæðisbundinni markaðssetningu markaðsskrifstofa og upplýsingamiðstöðva landshluta.

**Þróun ferðaþjónustuklasa Vaxtarsamninga**
Ferðamálasetur hefur starfsmann sem sér um að stýra verkefnum fyrir ferðaþjónustuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar. Starfsemi klasanna og vaxtarsamningsins hefur nú staðið í 2 ár og gríðarleg reynsla og þekking komin í hús. Hér er markmið að leita svara við ýmsum spurningum er tengjast alþjóðlegri umræðu um klasa, ferðaþjónustu á jaðarsvæðum, svæðamyndun og stjórnsýslu á jaðarsvæðum. Einnig er markmið að gera samanburð á árangri klasastarfs eftir mismunandi svæðum á landinu, sem og koma með hagnýtar ábendingar til IMPRU um framtíðarmótun klasastarfs.

**Þróunarverkefni um akademíska ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal**
Setrið er þátttakandi í uppbyggingu ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal. Er um nokkuð viðamikið og sérstakt verkefni að ræða þar sem til stendur að byggja gisti- og kennsluaðstöðu við jaðar Ódáðahrauns þar sem markhópurinn er nemendur og fræðimenn. Markmiðið er að koma á framfæri einstakri náttúru, menningu og sögu svæðisins og þannig reyna að laða að rannsakendur og nema alls staðar að úr heiminum.

Eitt námskeið var haldið sumarið 2007, þar sem virtum fræðimönnum austan hafs og vestan var boðið að koma og kynnast því sem þarna færi fram. Komu 30 gestir og heppnaðist námskeiðið einstaklega vel. Fjögur námskeið fyrir nemendur og fræðimenn verða í boði sumarið 2008.

**Skipurit ferðaþjónustu á Íslandi**
Verkefnið snýst um að greina hlutverk og starfsemi allra þeirra ólíku aðila sem koma að ferðaþjónustu á Íslandi. Þannig er markmiðið uppsetning á skipuriti sem sýnir hvernig aðilar innan hins opinbera, sveitarfélög og félagsamtök tengjast og starfa.

**Skemmtiferðaskipakomur til Íslands**
Þetta rannsóknarverkefni hefur verið í gangi frá 1993 en þá fór í gang þriggja ára könnun meðal farþega á skemmtiferðaskipum sem hafði það að markmiði að átta sig á fjölda þeirra, hvað þeir aðhafast og hvað þeir skilja eftir sig. Árið 2004 fór önnur slík þriggja ára könnun í gang og nú stendur

# FERÐAMÁLASETUR ÍSLANDS

yfir úrvinnsla úr þeim gögnum og gerð samanburðar innan tímabils og milli þeirra tveggja sem um ræðir. Sem stendur er enn beðið frumdraga að skýrslu.

**Þolmörk ferðamannastaða**

Þetta rannsóknarverkefni hefur verið í gangi frá 2000 en þá var gerð úttekt á þremur stöðum á Íslandi, Skaftafelli, Landmannalaugum og Lónsöræfum. Markmiðið var að átta sig á hvers eðlis þessir ferðamannastaðir eru og þannig hvernig ferðamennsku þeir ættu að geta borið m.t.t. umhverfislegra, félagslegra, menningarlegra og þjónustulegra þátta. Nú standa fyrir dyrum frekari rannsóknir á nýjum svæðum sem og endurskoðun hinna þriggja sem þegar höfðu verið tekin út.

**Jeppar á hálendi Íslands og umferðarmenning**

Verkefnið snýst um ferðalög Íslendinga og útlendinga á hálendi Íslands í jeppum og breyttum bílum og notkun bíla sem samgöngutækja á Íslandi. Spurt er hvernig þessi iðja skilgreinir tækið, hálendið og áfangastaði þar.

**Úttekt á samfélagslegum áhrifum Vatnajökulsþjóðgarðs**

Setrið er aðili að því að gera grunnúttekt á viðhorfum íbúa á Austurlandi til stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Markmið þessa verkefnis er að:

- Gera grunnúttekt á núverandi einkennum ferðamennsku og ferðaþjónustu á svæðinu í og við fyrirhugaðan Vatnajökulsþjóðgarð.
- Þróa aðferðir til að fylgjast með reglubundnum hætti með áhrifum af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á viðhorf heima manna, mynstur ferðamennsku og þróun ferðaþjónustu fyrstu árin sem þjóðgarðurinn starfar.

Samstarfsaðilar: HÍ, Háskólasetrið á Höfn, Þekkingarsetur Þingeyinga, Þekkingarnet Austurlands, Kirkjubæjarstofa og Umhverfisstofnun.

**Stjórnunarhættir í ferðaþjónustu - framhald áformað**

Gerð hefur verið könnun á stjórnunarháttum hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Helgi Gestsson lektor, Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor og Hafdís Björg Hjálmarsdóttir lektor stóðu að framkvæmd könnunarinnar sem unnin var í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og unnið úr á vegum HRM ráðgjafar. Sú skýrsla kom út í mars 2007 og er framhald áformað til að fylgja eftir niðurstöðum þeirrar könnunar og fá samanburð.

**Stjórn Ferðamálaseturs Íslands:**

Anna Dóra Sæþórsdóttir frá Háskóla Íslands
Áslaug Alfreðsdóttir frá SAF, Samtökum ferðaþjónustunnar
Elías Bjarni Gíslason frá Ferðamálaráði Íslands
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir frá Háskólanum á Hólum
Fjóla Björk Jónsdóttir frá Háskólanum á Akureyri
Ingjaldur Hannibalsson frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar
Jón Ingi Benediktsson frá Háskólanum á Akureyri
Forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands er Edward Hákon Huijbens.



Háskólinn á Akureyri

# SAMNINGAR, SAMSTARFSSTOFNANIR, HELSTU GJAFIR OG STYRKIR

Í skránni hér á eftir er fyrst getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins og loks dagsetningu undirskriftar.

**Háskólinn á Akureyri og Landsvirkjun.**
Endurnýjun samnings frá 25. apríl 2001 um kennslu og rannsóknir. Samningurinn er gerður til tveggja ára og markmið hans er að efla grunnrannsóknir á þeim fagsviðum er tengjast rannsóknum og nýtingu á orkulindum landsins og áhrifum hennar á samfélag og umhverfi. 5. febrúar 2007.

**Viðskipta- og raunvísindadeild HA og Glitnir hf.**
Samstarfssamningur um fjárhagslegan rekstur og faglegan stuðning við meistaranám í viðskiptafræðum. 8. mars 2007.

**Viðskipta- og raunvísindadeild HA og Íslensk verðbréf.**
Samstarfssamningur um fjárhagslegan rekstur og faglegan stuðning við meistaranám í viðskiptafræðum. 8. mars 2007.

**Viðskipta- og raunvísindadeild HA og SAGA Capital.**
Samstarfssamningur um fjárhagslegan rekstur og faglegan stuðning við meistaranám í viðskiptafræðum. 8. mars 2007.

**Viðskipta- og raunvísindadeild HA og Sparisjóður Norðlendinga.**
Samstarfssamningur um fjárhagslegan rekstur og faglegan stuðning við meistaranám í viðskiptafræðum. 8. mars 2007.

**Háskólinn á Akureyri og utanríkisráðuneytið.**
Samstarfssamningur um fjárhagslegan rekstur og faglegan stuðning við meistaranám í heimskautarétti við félagsvísinda- og lagadeild; Samstarfssamningur um leigu á húsnæði og samstarf á sviði þýðingarstarfsemi. 22. mars 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Flugfélag Íslands.**
Samningur um fjárhagslegan stuðning Flugfélags Íslands til næstu þriggja ára við Rannsóknasjóð háskólans.
13. apríl 2007.

**Háskólinn á Akureyri / Háskóli Íslands / Landbúnaðarháskóli Íslands og The Ohio State University.**
Samstarfssamningur (Memorandum of Agreement) um kennslu og rannsóknir. 17. apríl 2007.

**Asíuver Íslands, samstarfsstofnun Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands og Glitnir banki hf.**
Samkomulag um samstarf og stuðning. Um er að ræða styrk til næstu þriggja ára til fyrirlestra- og ráðstefnuhalds, námskeiðshalds við HÍ og HA sem og annarra viðburða sem tengjast fræðslu um samfélög, menningu og málefni Asíu.
18. apríl 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Þekkingarnet Austurlands.**
Samstarfssamningur um fjarnám. 18. apríl 2007.

**Háskólinn á Akureyri, Matvælasetur HA og Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU-FTP) (í tengslum við samning HA og UNU-FTP).**
Samningur um námskeiðshald á Sri Lanka. Markmiðið með námskeiðinu er að efla þekkingu við hönnun og stjórnun verkefna innan stofnana sjávarútvegsráðuneytis Sri Lanka og auka samvinnu á milli stofnana ráðuneytisins.
17. maí 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Fjarskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.**
Samstarfssamningur um fjarnám. 28. maí 2007.

**Háskólinn á Akureyri og VGK – Hönnun h/f.**
Samningur um eflingu samstarfs varðandi rannsóknir og tækniþróun á sviði orkulíftækni. 1. júní 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS.**
Samkomulag um kennslu og rannsóknir í endurhæfingu.
20. júní 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS.**
Samstarfssamningur um vettvangsnám í iðjuþjálfun og klínískt nám í hjúkrunarfræði. 20. júní 2007.

**Háskólinn á Akureyri og InnoVit, félagasamtök.**
Þjónustusamningur um eflingu nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi nemenda við HA. 10. ágúst 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf.**
Samstarfssamningur á sviði sjávarlíftækni. Meginmarkmið samningsins er að efla rannsóknir og tækniþróun á sviði sjávarlíftækni, matvælafræði og tengdra sviða. 5. september 2007

# SAMNINGAR, SAMSTARFSSTOFNANIR, HELSTU GJAFIR OG STYRKIR

**Háskólinn á Akureyri og Eimskipafélag Íslands hf.**
Samningur um samstarf á sviði málefna norðurskautsins. Meginmarkmið samningsins er að styrkja forystuhluverk Háskólans á Akureyri á sviði norðurslóðafræða, einkum í tengslum við umsjón með Rannsóknaþingi norðursins (Northern Research Forum, NRF) í samstarfi við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og alþjóðlega samstarfsaðila. 8. september 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Glitnir hf.**
Samningur um samstarf á sviði málefna norðurskautsins. Meginmarkmið samningsins er að styrkja forystuhlutverk Háskólans á Akureyri á sviði norðurslóðafræða, einkum í tengslum við umsjón með Rannsóknaþingi norðursins (Northern Research Forum, NRF) í samstarfi við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og alþjóðlega samstarfsaðila. 8. september 2007.

**Háskólinn á Akureyri og KEA svf.**
Samkomulag um eflingu og uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Um er að ræða árlegt fjárframlag næstu þrjú árin með úthlutun rannsóknastyrkja, með úthlutun styrkja til búnaðarkaupa, með styrkúthlutun til sérverkefna og með úthlutun námsstyrkja og verðlauna fyrir námsárangur. 8. sept. 2007.

**Háskólinn á Akureyri og FSHA, Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri.**
Samningur í samræmi við 14. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. 26. september 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Landsbanki Íslands hf.**
Samstarfs- og bakhjarlasamningur um fjárhagslegan stuðning við rannsóknastarfsemi kennara og sérfræðinga við HA. Um er að ræða árlegt framlag frá Landsbanka Íslands til rannsóknasjóðs HA næstu fimm árin. 11. október 2007.

**Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og RES - Orkuskóli.**
Samningur um eflingu fræðilegrar og verklegrar menntunar háskólanema á sviðum endurnýjanlegra orkufræða. 12. október 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Landssamband íslenskra útvegsmanna.**
Samkomulag um að LÍÚ leysi til sín neðansjávarmyndavél ásamt rannsóknabúnaði. 15. október 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Raftákn ehf.**
Samningur um eflingu rannsókna við HA. Um er að ræða fjárframlag ár hvert næstu þrjú árin sem renna skal til Rannsóknasjóðs HA. 18. október 2007.

**Háskólinn á Akureyri, BioPol ehf. og The Scottish Association for Marine Science.**
Samkomulag (Memorandum of understanding) um rannsóknir og kennslu á sviði sjávarlíftækni. 2. nóvember 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Félagsstofnun stúdenta á Akureyri.**
Samningur um rekstur námsmannaíbúða, í samræmi við 14. gr. laga nr. 40/1999. 12. nóvember 2007.

**Háskólinn á Akureyri og The Ohio State University.**
Samningur um nemendaskipti. 4. desember 2007.

**Háskólinn á Akureyri og menntamálaráðuneytið.**
Samningur um kennslu og rannsóknir, á grundvelli 21. gr. laga um háskóla nr. 63/2006. 18. desember 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Landssamband íslenskra útvegsmanna.**
Samstarfssamningur á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi. 18. desember 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Sjávarútvegsráðuneytið.**
Þjónustusamningur um ritstjórn á gagnaveitu um haf og sjávarútveg. 19. desember 2007.

**Viljayfirlýsingar**

**Háskólinn á Akureyri og Háskólasetur Vestfjarða.**
Viljayfirlýsing um samstarf vegna námsleiðar á meistarastigi í Haf- og strandsvæðastjórnun. 8. september 2007.

**Háskólinn á Akureyri og Ferðamálasetur Íslands.**
Viljayfirlýsing um samstarf um rannsóknir á menningartengdri ferðaþjónustu. 13. september 2007.

**Háskólinn á Akureyri og The University of Szeged.**
Viljayfirlýsing um kennaraskipti vegna ítölskukennslu. 3. desember 2007.

**Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR og RES - Orkuskóli.**
Samstarfsyfirlýsing um eflingu menntunar í orkumálum. 27. apríl 2007.

**Gjafir**
Þann 25. janúar 2007 afhenti Sendiráð Bandaríkjanna Bókasafni Háskólans á Akureyri veglega bókagjöf. Bækurnar fjalla um efni innan félagsvísinda og lögfræði.

**Samstarfsstofnanir sem staðsettar eru *í húsakynnum háskólans eru:***
Hafrannsóknastofnunin - http://www.hafro.is
Matís ohf. - http://matis.is
Orkustofnun - http://www.rf.is
RES - Orkuskóli - http://www.res.is
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar - http://www.svs.is
Veðurstofa Íslands - http://www.vedur.is

**Styrkir**
Þann 26. apríl 2007 afhenti Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri fimm milljónir króna úr Háskólasjóði KEA. Alls bárust sjóðnum átján umsóknir að upphæð 17. milljónir. Fimm milljónir voru til úthlutunar og eftirtaldir níu aðilar hlutu styrk:

Hreiðar Þór Valtýsson lektor. Umhverfisrannsóknir vegna bláskeljaræktar. 500.000.

Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor. Útvistun þjónustustarfa frá Reykjavík til landsbyggðar. 800.000.

Jóhann Örlygsson dósent. Nýting hitakærra brennisteinsbaktería í líftækni. 500.000.

Kamilla Rún Jóhannsdóttir lektor og Nicola Whitehead lektor. Áhrif þjálfunar og reynslu á samspil farsímanotkunar og athygli ökumanna. 350.000.

Kjartan Ólafsson lektor. Börn og sjónvarp á Íslandi 1968 – 2003. 500.000.

Oddur Vilhelmsson dósent. Greining á svömpum og samlífisörverum þeirra. 500.000.

Ragnar Stefánsson prófessor. Aðdragandi jarðskjálfta fyrir Norðurlandi og viðvaranir um þá. 1.000.000.

Trausti Þorsteinsson. Lesskilningspróf. 500.000.

Þóroddur Bjarnason prófessor. Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri. 350.000.

Þann 4. september 2007 afhenti Landsbankinn á Akureyri Hildi Þóru Magnúsdóttur og Herði Sævaldssyni, sem bæði eru brautskráð frá viðskipta- og raunvísindadeild, veglega peningastyrki. Landsbankinn á Akureyri hefur undanfarin ár veitt tveimur nemendum HA styrk til framhaldsnáms í greinum sem tengjast sjávarútvegi eða fjármálastarfsemi eða til rannsóknaverkefna á sömu sviðum. Hvor styrkur er að upphæð 500.000 krónur. Hildur Þóra hóf framhaldsnám í fjármálum og alþjóðaviðskiptum haustið 2006 við Århus School of Business í Danmörku. Hörður hóf framhaldsnám í bankastarfsemi og fjármálum haustið 2007 við Háskólann í Stirling í Skotlandi.

# FRÉTTAPUNKTAR

**Hug- og félagsvísindadeild**
Háskólaráð Háskólans á Akureyri samþykkti á fundi sínum þann 28. september 2007 að sameina kennaradeild og félagsvísinda- og lagadeild í eina deild frá og með 1. ágúst 2008. Nýja deildin fær nafnið hug- og félagsvísindadeild. Markmið með sameiningunni er að styrkja núverandi námsframboð deildanna faglega, stórauka möguleika á að þróa nýtt námsframboð, bæði á grunn- og framhaldsstigi, og greiða fyrir fyrirhugaðri lengingu kennaranáms í fimm ár.

**Byggingamál**
Á fundi sem haldinn var í Háskólanum á Akureyri föstudaginn 27. apríl tilkynnti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra að ríkisstjórnin hefði ákveðið að verja 100 milljónum króna til að hefja framkvæmdir við fjórða áfanga byggingarinnar á Sólborg á árinu 2007. Heildarkostnaður er áætlaður um 530 milljónir króna og stefnt er að því að verkinu verði lokið á þremur árum. Með því að ljúka fjórða áfanga skapast sá möguleiki að flytja nær alla starfsemi háskólans á háskólasvæðið á Sólborg.

Tilboð í framkvæmdir við fjórða áfangann voru opnuð í Ríkiskaupum þann 25. september. Þar kom í ljós að fjórir aðilar höfðu boðið í framkvæmdirnar og var lægsta tilboð tæpum 100 m. kr. hærra en kostnaðaráætlun sagði til um. Öllum tilboðunum var því hafnað og ákveðið að fara svokallaða samningskaupaleið. Við athugun á fjárhagsstöðu og reynslu bjóðenda kom í ljós að tveir þeirra uppfylltu ekki kröfur útboðsgagna. Þeir tveir bjóðendur sem uppfylltu skilyrði voru Tréverk ehf. og Ístak hf. Í samningskaupaferlinu voru felldir út tveir verkliðir í lóðarfrágangi auk þess sem verðbótaákvæðum var breytt og taka tilboðin og kostnaðaráætlunin mið af þessum breytingum. Tilboð Tréverks ehf. hljóðaði upp á tæplega 621,0 m. kr. og tilboð Ístaks upp á rúmlega 733,5 m.kr. Að höfðu samráði við bygginganefnd háskólans ákvað menntamálaráðuneyti að taka tilboði Tréverks ehf. Í þessum áfanga verða hátíðarsalur og fyrirlestrasalir, auk smærri kennslurýma. Einnig er gert ráð fyrir bílastæðum og háskólatorgi.


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Þorsteinn Gunnarsson rektor HA

Á ársfundi Háskólans á Akureyri sem fram fór þann 18. desember var skrifað undir kennslu- og rannsóknasamning við menntamálaráðuneyti. Í samningnum er gert ráð fyrir að framlög ríkisins til háskólans verði hækkuð um alls 275 milljónir á næstu þremur árum frá því sem verið hefur, um 75 m. kr. á næsta ári, um 100 m. kr. árið 2009 og aftur 2010. Á fundinum var einnig skrifað undir samning við Landssamband íslenskra útvegsmanna þar sem gert ráð fyrir 45 m. kr. greiðslu frá LÍÚ á þremur árum til þess að styrkja menntun og rannsóknir í sjávarútvegi.

Á haustdögum náðist sá mikilvægi áfangi að viðskipta- og raunvísindadeild komst öll undir sama þak. Starfsmenn sem áður tilheyrðu viðskiptadeild fluttust yfir á Borgir þar sem starfsemi sem tilheyrði auðlindadeild og upplýsingatæknideild er til húsa.

Starfsfólk HA hélt sumarsólstöðuhátíð á Végeirsstöðum 21. júní í blíðskaparveðri. Fólk gæddi sér á góðum mat frá Grillþjónustu Bautans og farið var í gönguferðir og leiki.


Starfsmenn HA á sumarsólstöðuhátíð á Végeirsstöðum


Brynhildur Þórarinsdóttir

Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur og aðjúnkt við kennaradeild HA, hlaut Norrænu barnabókaverðlaunin 2007 fyrir bækurnar Njálu, Eglu og Laxdælu sem komu út á árunum 2002–2006. Bækur Brynhildar eru aðgengilegar fyrir börn og persónur sagnanna stíga ljóslifandi fram. Fróðleiksmolar um sögusvið og sögutíma auka á gildi verkanna ásamt orð- og ljóðaskýringum. Brynhildur er með M.A. próf í íslenskum bókmenntum og lauk kennsluréttindanámi árið 2005 við Háskólann á Akureyri. Hún var bæjarlistamaður Akureyrar frá júní 2006 til maí 2007.

Íslensku byggingarlistaverðlaunin voru veitt í fyrsta sinn á árinu 2007. Tíu verk voru tilnefnd og var viðbygging Háskólans á Akureyri eftir Glámu/Kím arkitekta eitt þeirra.

Þorsteinn Gunnarsson rektor vann 4,0 m. kr. í spurningaþættinum „Ertu skarpari en skólakrakki" sem sýndur var á Skjá einum 30. desember 2007. Þetta er stærsta upphæð sem unnist hefur í þættinum og rennur hún óskipt til barna og unglinga með geðraskanir.

# ÁRSREIKNINGUR 2007

## Skipting kostnaðar




| | | |
|---|---|---|
| Launagjöld | 72,54% | 1.059.193 |
| Húsnæðiskostnaður | 8,54% | 124.659 |
| Skrifst.- og stjórnunarkostn. | 4,08% | 59.506 |
| Funda- og ferðakostnaður | 5,15% | 75.197 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 4,81% | 70.240 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2,92% | 42.594 |
| Eignakaup | 0,38% | 5.486 |
| Annað | 1,60% | 23.318 |
| | | **1.460.193** |

## Rekstrarreikningur 2007

| | | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| | Innritunargjöld | 47.000.000 | 50.705.891 |
| | Framlög og styrkir | 177.821.815 | 164.743.021 |
| | Aðrar tekjur | 114.263.467 | 139.240.268 |
| | | **339.085.282** | **354.689.180** |
| **Gjöld** | | | |
| | Laun og launatengd gjöld | 1.059.192.577 | 967.321.922 |
| | Húsnæðiskostnaður | 124.659.355 | 118.754.375 |
| | Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 59.505.859 | 54.788.412 |
| | Funda- og ferðakostnaður | 75.196.693 | 82.095.078 |
| | Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 70.239.575 | 63.686.176 |
| | Annar rekstrarkostnaður | 42.594.459 | 35.347.276 |
| | Tilfærslur | 23.317.925 | 18.831.000 |
| | | **1.454.706.443** | **1.340.824.239** |
| | Eignakaup | 5.486.338 | 17.211.398 |
| | | **1.460.192.781** | **1.358.035.637** |
| **Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur** | | (-1.121.107.499) | (-1.003.346.457) |
| Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | | 9.158.413 | 18.251.204 |
| **Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag** | | (-1.11.949.086) | (-985.095.253) |
| Ríkisframlag | | 1.112.575.000 | 969.793.244 |
| **Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins** | | **625.914** | **(-15.302.009)** |





## Skipting tekna




| | | |
|---|---|---|
| Innritunargjöld | 3,2% | 47.000 |
| Aðrar tekjur | 8,4% | 123.422 |
| Framlög | 12,2% | 177.822 |
| Ríkisframlag | 76,2% | 1.112.575 |
| | | **1.460.819** |

## Efnahagsreikningur 2007

| | | | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| | **Áhættufjármunir** | | | |
| | Eignarhlutir í félögum | | 14.000.000 | 14.000.000 |
| | **Veltufjármunir** | | | |
| | Viðskiptakröfur | | 91.711.044 | 49.676.052 |
| | Handbært fé | | 64.260.514 | 104.967.773 |
| | | | 155.971.558 | 154.643.825 |
| | **Eignir alls** | | **169.971.558** | **168.643.825** |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | |
| **Eigið fé** | | | | |
| | **Höfuðstóll** | | | |
| | Höfuðstóll í ársbyrjun | | (336.682.773) | (321.380.764) |
| | Tekjuafgangur (-halli) á árinu | | 625.914 | (15.302.009) |
| | | **Höfuðstóll** | **(336.056.859)** | **(336.682.773)** |
| | | **Eigið fé** | **(336.056.859)** | **(336.682.773)** |
| **Skuldir** | | | | |
| | **Skammtímaskuldir** | | | |
| | Ríkissjóður | | 492.948.021 | 492.608.714 |
| | Viðskiptaskuldir | | 10.080.396 | 12.717.884 |
| | | **Skuldir** | 506.028.417 | 505.326.598 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | **169.971.558** | **168.643.825** |

# BRAUTSKRÁNING 9. JÚNÍ 2007

Háskólinn á Akureyri brautskráði 373 kandídata á háskólahátíð 9. júní 2007. Er það langstærsti hópur sem brautskráðst hefur frá háskólanum í 20 ára sögu hans. Alls brautskráðust 300 konur og 73 karlar.

Af þessum hópi stunduðu 120 fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva á 14 stöðum á landinu, flestir frá Hafnarfirði, Árborg, Akranesi, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og Vopnafirði.

Flestir kandídatar voru brautskráðir frá kennaradeild eða 152. Frá viðskipta- og raunvísindadeild voru brautskráðir 92 kandídatar, 68 frá heilbrigðisdeild og 61 frá félagsvísinda- og lagadeild.

Brautskráning var sem hér segir:

| | |
|---|---|
| B.A. próf í fjölmiðlafræði | 10 |
| B.A. próf í lögfræði | 14 |
| B.A. próf í nútímafræði | 1 |
| B.A. próf í samfélags- og hagþróunarfræði | 11 |
| B.A. próf í sálfræði | 25 |
| B.S. próf í hjúkrunarfræði | 45 |
| B.S. próf í iðjuþjálfunarfræði | 15 |
| Diplóma í heilbrigðisvísindum | 3 |
| M.S. próf í heilbrigðisvísindum | 2 |
| M.S. próf í hjúkrunarfræði | 3 |
| B.Ed. próf í kennarafræði | 46 |
| B.Ed. próf í leikskólafræði | 58 |
| Kennslufræði til kennsluréttinda | 24 |
| Dipl. Ed. próf í menntunarfræðum | 19 |
| M.Ed. próf í menntunarfræðum | 5 |
| B.S. próf í líftækni | 6 |
| B.S. próf í sjávarútvegsfræði | 10 |
| B.S. próf í tölvunarfræðum | 7 |
| B.S. próf í umhverfis- og orkufræði | 6 |
| B.S. próf í viðskiptafræði | 62 |
| M.S. próf í auðlindafræði | 1 |

**Viðurkenningu fyrir afburða námsárangur hlutu eftirtaldir kandídatar:**

Auðlindafræði: Hörður Sævaldsson
Fjölmiðlafræði: Dagmar Ýr Stefánsdóttir
Grunnskólakennarafræði: Unnur Arnsteinsdóttir
Hjúkrunarfræði: María Karlsdóttir
Iðjuþjálfunarfræði: Oddný Hróbjartsdóttir
Leikskólakennarafræði: Unnur Arnsteinsdóttir
Lögfræði: Sindri Guðjónsson
Nútímafræði: Andrea Sigrún Hjálmsdóttir
Sálfræði: Kristín Elva Viðarsdóttir
Samfélags- og hagþróunarfræði: Olga Sif Guðmundsdóttir
Tölvunarfræði: Davíð Steinar Guðjónsson
Viðskiptafræði: Haraldur Örn Reynisson

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands var heiðursgestur á brautskráningarathöfninni og flutti hátíðarávarp.

### Brautskráðir frá upphafi

| Deild | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðlindadeild | | | | | | | | | | | | | | | | 7 | 17 | 25 | |
| Félagsvísinda- og lagadeild | | | | | | | | | | | | | | | | | 3 | 45 | 61 |
| Heilbrigðisdeild | | | 11 | 9 | 17 | 14 | 18 | 15 | 24 | 23 | 21 | 35 | 32 | 43 | 53 | 57 | 78 | 59 | 68 |
| Kennaradeild | | | | | | | | 69 | 20 | 11 | 59 | 65 | 73 | 51 | 105 | 129 | 119 | 151 | 152 |
| Viðskipta- og raunvísindadeild | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 92 |
| Viðskipta-/Rekstrardeild | 8 | 11 | 6 | 16 | 21 | 23 | 27 | 39 | 13 | 11 | 15 | 14 | 27 | 39 | 37 | 48 | 71 | 50 | |
| Sjávarútvegsdeild | | | | | | 9 | 7 | 4 | 11 | 22 | 4 | 9 | 7 | 12 | 7 | 4 | | | |
| Upplýsingatæknideild | | | | | | | | | | | | | | | | 17 | 3 | 12 | |
| **Samtals** | **8** | **11** | **17** | **25** | **38** | **46** | **52** | **127** | **68** | **67** | **99** | **123** | **139** | **145** | **202** | **262** | **291** | **342** | **373** |






# BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

Forseti Íslands, kæru kandídatar, ráðherrar, alþingismenn, ágæta samstarfsfólk og góðir gestir.

Ég býð ykkur öll innilega velkomin til þessarar árlegu háskólahátíðar Háskólans á Akureyri.

Kæru kandídatar.

Ykkur vil ég tileinka eftirfarandi ljóðlínur úr kvæðinu til herra Páls Gaimard eftir listaskáldið góða, Jónas Hallgrímsson:

„Menntanna brunni að bergja á
besta skal okkur hressing ljá."

Ég læt í ljós þá von mína að þó að nú skilji leiðir ykkar og háskólans, þá haldið þið áfram að bergja á þeim brunni sem felst í sannri menntun.

Ágætu kandídatar. Þið skipið glæsilegan hóp 373 kandídata sem brautskrást frá Háskólanum á Akureyri vorið 2007. Það er tímanna tákn að konur eru hér í miklum meirihluta, 300, en karlar eru 73.

Eins og þið eruð hreykin af þeim áfanga sem þið fagnið í dag, er háskólinn stoltur af ykkur. Brautskráningin er fyrst og síðast gleðidagur ykkar sem eruð að ljúka markverðum áfanga í lífinu og taka við vitnisburði um þau verkefni sem þið hafið innt af hendi. Fyrir starfsmenn Háskólans á Akureyri er gleðin blendin, því við horfum á bak tryggum og metnaðarfullum hópi.

Þið eruð glæsilegur vitnisburður um þá öru þróun og miklu uppbyggingu sem verið hefur við Háskólann á Akureyri síðustu árin.

Senn skipið þið sterkan og tryggan hóp fyrrum nemenda háskólans sem hvetja okkur til áframhaldandi starfa og uppbyggingar.

Háskólinn okkar er einnig á tímamótum því fyrir tæpum tuttugu árum, þann 5. september 1987 hófst kennsla við Háskólann á Akureyri.

Það er freistandi að líta aðeins til baka og bera saman námsumhverfið nú og þá. Árið 1987 voru einkatölvur rétt farnar að ryðja sér til rúms, Internetið var ekki komið til sögu og enginn var tölvupósturinn, hvað þá tölvustudda námsumhverfið sem hefur verið daglegt brauð flestra ykkar. Farsímar voru óþekktir, gagnvirkur myndfundabúnaður sömuleiðis og svona má lengi telja. Ég býst við að ykkur, ágætu kandídatar, fyndist þetta heldur frumstætt umhverfi rækjust þið á það í dag.

Á upphafsárunum var háskólinn fátækur af þeim búnaði sem tilheyrir nútíma fræðastarfi. Þegar Haraldur Bessason, fyrsti rektor háskólans, hóf hér störf, átti háskólinn, að hans eigin sögn, eina bók — aðeins eina bók — Bókina um manninn.

En það skipti meiru að frumherjarnir bundu miklar væntingar við starfsemi háskólans. Trúin á framtíð háskólans var mikilvægari en húsakostur og eignir. Hugmyndin, nýsköpunin og tiltrúin á betra samfélag voru veigameiri.

Á upphafsári háskólans var Norðurland í hnignun. Íbúar hins verðandi háskólabæjar voru tæplega 14.000 talsins og leit út fyrir fólksfækkun. Mara atvinnuleysis grúfði yfir bænum og víða blöstu við auðar fasteignir og fyrirtæki sem eigendur og starfsfólk höfðu yfirgefið í leit að tryggari framtíð en Akureyri bauð upp á á þeim tíma.

En það er breyttur bær sem blasir við á þessu vori. Þar hefur Háskólinn á Akureyri skipt miklu. Hann hefur reynst þessum bæ og Norðurlandi öllu mikil lyftistöng, verið aflstöð nýrra hugmynda, leiðarljós uppbyggingar á landsbyggðinni.

Ég er talsmaður þess sjónarmiðs að öflugir opinberir háskólar séu starfræktir á Íslandi. Ástæður þessa liggja annars vegar í kröfunni um jafnrétti til náms og hins vegar í því ríka samfélagshlutverki sem háskólar gegna.

Meginrökin fyrir jafnrétti til náms felast í þeirri samfélagsmynd sem við flest kjósum. Við eigum að byggja samfélag þar sem öllum er gefið tækifæri til að leita og þroska eigin hæfileika. Við eigum að veita einstaklingunum frelsi til ábyrgra athafna. Sú velferð og gildi sem við njótum og metum mest verður best haldið á lofti með aukinni þekkingu, menntun, rannsóknum og fræðimennsku.

En menntun á þó ekki eingöngu að undirbúa nýjar kynslóðir

Háskólinn á Akureyri

# BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

fyrir framtíðina heldur einnig að skapa þeim tækifæri til að móta það samfélag sem þær vilja. Þau tækifæri verða að gefast óháð efnahag, stöðu og búsetu.

Samfélagshlutverk háskóla verður vart ofmetið. Háskólanum er ætlað að skapa skilyrði til frjálsrar þekkingarleitar, sköpunar, varðveislu, og miðlunar á sviðum vísinda, fræða og tækniþróunar.

Með starfsemi sinni er háskólum ekki eingöngu ætlað að þjóna fræðunum, heldur einnig langtímahagsmunum samfélagsins alls. Starf háskóla hlýtur að miða að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti.

Í hafsjó aukinna upplýsinga og ólgusjó alþjóðavæðingar trúi ég því að háskólar eigi afar stórt hlutverk fyrir höndum í því að veita samfélaginu leiðsögn og skapa því festu.

Það er fróðlegt að skoða athuganir UNESCO, Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem sýna svo ekki verður um villst alþjóðlega strauma í háskólasamfélögum heimsins. Þessi þróun, þótt í mismiklum mæli sé, virðist eiga sér stað í flestum heimsálfum. Þar eru þrjú megineinkenni. Í fyrsta lagi er um að ræða ótrúlega fjölgun nemenda og háskólastofnana. Í öðru lagi verulega aukna fjölbreytni háskólastofnana, námskráa og námsaðferða. Menn eru að leita nýrra og fjölbreyttari rekstrarforma. Í þriðja lagi virðist háskólum vera fjárhagslega afar þröngur stakkur sniðinn.

Eins og kunnugt er hefur þessi þróun ekki farið framhjá okkur hér á landi. Hún einkennist af mikilli fjölgun nemenda og meiri fjölbreytni í rekstrarformum háskóla. Og hver kannast ekki við umræður um þann þrönga fjárhagslega ramma sem háskólar á Íslandi búa við.

Háskólinn á Akureyri hefur tekið fullan þátt í þessari þróun. Til að efla starfsemina enn frekar nýtum við þann sveigjanleika sem rekstrarform fyrirtækja hafa við að starfrækja átaksverkefni sem snerta ekki beint grunnmenntun á háskólastigi. Þannig á háskólinn ráðandi hlut í þróunarfélaginu Þekkingarvörðum ehf. er stefnir m.a. að uppbyggingu vísindagarða við Háskólann. Það félag á síðan stóran hlut í Orkuvörðum ehf., sem mun sjá um rekstur Orkuskóla þar sem fram mun fara alþjóðlegt meistaranám í endurnýjanlegum orkugjöfum. Ekki er ólíklegt að við munum sjá fleiri slík verkefni þar sem þessi rekstrarform eru nýtt.

En hvert er hlutverk íslenskra stjórnvalda í þeim miklu breytingum sem opinberir háskólar ganga nú í gegnum? Þar skiptir mestu að þessari þróun verði fylgt eftir, m.a. með því að skapa háskólum fjárhagsleg skilyrði til áframhaldandi vaxtar. Auknar fjárveitingar þurfa að koma frá ríkisvaldinu, atvinnulífinu í landinu, alþjóðlegum uppbyggingarsjóðum og að einhverju leyti frá nemendum sjálfum.

Ég vil þó taka fram að stjórnvöld eiga ekki að freistast til að innheimta skólagjöld í grunnnámi við opinbera háskóla hér á landi. Mikilvægt er að opinberir háskólar verði áfram opnir nemendum án tillits til efnahags, stöðu og búsetu. Það er einmitt í fræðasamfélaginu sem jafnréttið á að ríkja, vegna þess að framför á sviði þekkingar er því meiri sem fleiri leggja saman. Jafnrétti til náms er hugsun upplýsingarinnar um að engin skoðun eigi sér guðdómlegan innblástur heldur að skoðanir séu hugskot manna sem standi frammi fyrir öðrum í leit að viðurkenningu og/eða gagnrýni. Jafnréttishugsun á Vesturlöndum er samofin uppvexti háskólasamfélagsins og þau tengsl ber að varðveita. Á tímum mikilla breytinga gleymist oft á hvaða bjargi nútímamaðurinn reisir sitt hús. Gegn þeirri gleymsku verðum við að vinna.

Á síðasta ári voru samþykkt rammalög um háskólastigið. Það er fyrsta heildstæða löggjöfin, sem nær til allra háskóla í landinu og leggur aukna áherslu á eftirlit með gæðum í háskólastarfinu og ber að fagna því. Enn sitja þó háskólar í landinu ekki við sama borð gagnvart stjórnvöldum.

Einkaháskólarnir njóta mun meira fjárhagslegs frelsis en opinberir háskólar og innheimta skólagjöld af nemendum sínum til viðbótar greiðslum frá ríkisvaldinu. Þessi mismunun er afar sérstæð. Slíkt óréttlæti þekkist vart í nálægum löndum. Þessu til viðbótar starfa tveir landbúnaðarháskólar undir landbúnaðarráðuneytinu er fara senn undir menntamálaráðuneytið. Í því felst ákveðin stjórnarbót.

Stjórnvöld og háskólar þurfa að vinna saman að því mikilvæga verkefni, að draga úr þeirri mismunun sem byggst hefur upp milli einkaháskóla og opinberra háskóla. Skipulagslega þurfa opinberir háskólar að vera færri en stærri, með öflugri starfseiningar sem fengju aukna ábyrgð. Háskólar yrðu ekki eins staðbundnir og áður og stjórnskipulag þeirra yrði endurskoðað, m.a. með því að fulltrúar þjóðlífs utan háskóla tækju mun virkari þátt í stefnumótun og fjárhagslegri uppbyggingu. Ráðningarform háskólakennara í opinberum háskólum yrði sveigjanlegra en akademískt frelsi þeirra jafnframt tryggt.

Háskólinn á Akureyri er reiðubúinn til fullrar samvinnu við stjórnvöld um þessi brýnu verkefni.

Líkt og nám býr fólk undir breytingar verða háskólastofnanir að vera reiðubúnar að aðlagast breyttum ytri og innri aðstæðum á hverjum tíma. Nýliðið skólaár var tími umtalsverðra breytinga fyrir starfsemi háskólans.

Háskólinn kynnti fyrr á árinu metnaðarfulla stefnu sína til næstu fimm ára.

Sú stefna verður okkur leiðarljós í þeim verkefnum sem framundan eru. Meðal helstu aðgerða er að byggja upp háskólasvæðið og flytja þangað alla starfsemi háskólans, auka gæði í allri starfsemi háskólans, setja nemendur í öndvegi hvað varðar nám og þjónustu, og auka námsframboð í fjarnámi og framhaldsnámi.

Það er trú mín að þessi stefna verði mikilvægt tæki til þess að varða leið háskólans til framtíðar og bregðast við þeim miklu samfélagslegu breytingum sem fyrirsjáanlegar eru.

Í heilbrigðisdeild hefur þurft að beita fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði undanfarin ár vegna skorts á námsplássum í klínísku námi. Síðastliðið haust fékk háskólinn heimild stjórnvalda til að fjölga námsplássum í hjúkrunarfræði um tíu og nú er miðað við 48 nemendur árlega.

Í viðskipta- og raunvísindadeild var innritað nú á þessu vori í fyrsta sinn í meistaranám í viðskiptafræði. Námið er sett á fót með góðum stuðningi norðlenskra fjármálafyrirtækja, en stuðningur þeirra er mikilvægur bæði út frá faglegum sem og fjárhagslegum sjónarmiðum. Deildin stefnir að því að taka upp meistaranám í tölvunarfræðum árið 2010.

Í kennaradeild hefur mikil endurskipulagning átt sér stað í framhaldsnáminu og nú er nám til kennsluréttinda orðið hluti af námi til meistaraprófs. Þar er einnig tekið mið af fyrirhugaðri lengingu kennaranáms sem boðuð er í sáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

Félagsvísinda- og lagadeild hefur fest sig í sessi og brautskráir nú nemendur í þriðja sinn. Síðastliðið haust hófst kennsla í tveggja ára meistaranámi í lögfræði og að ári munum við útskrifa fyrstu nemendurna í lögfræði til embættisprófs. Í haust býður deildin í fyrsta sinn upp á nám til B.A. prófs í þjóðfélagsfræði og stefnt er að því að hefja meistaranám í heimskautalögfræði haustið 2008.

Nú brautskrást alls 373 kandídatar frá Háskólanum á Akureyri og er það langstærsti hópur sem hefur brautskráðst héðan. Af þessum hópi hafa margir stundað fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva á 14 stöðum á landinu, flestir frá Hafnarfirði, Árborg, Akranesi, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og Vopnafirði. Fjarnemarnir sem hér brautskrást eiga sérstaklega hrós skilið. Það er afrek að stunda nám víðs vegar um landið fjarri móðurskipinu, hvað þá samhliða vinnu sem oft er raunin.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka forsvarsmönnum og starfsfólki símenntunarmiðstöðva og háskólasetra kærlega fyrir mjög árangursríkt og ánægjulegt samstarf við uppbyggingu fjarnámsins.

Skipting brautskráðra eftir deildum er sem hér segir: heilbrigðisdeild 68, viðskipta- og raunvísindadeild 92, kennaradeild 152, og félagsvísinda- og lagadeild 61.

Á þessu ári hef ég orðið fyrir sérstakri lífsreynslu sem er afleiðing af slysi sem ég varð fyrir sl. haust. Ég hef þurft að liggja inni á sjúkrahúsi og vera langdvölum í umsjón starfsfólks heilbrigðiskerfisins. Slys og sjúkrahúsvist eru að sönnu ekki eftirsóknarverð reynsla, en hún hefur opnað betur augu mín fyrir því að horfa utan frá á háskólann þar sem ég hef starfað undanfarin 12 ár.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri varð ég greinilega þess áskynja hvers háskólinn hefur áorkað í menntun

# BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

hjúkrunarfræðinga. Langflestir hjúkrunarfræðinga á FSA eru brautskráðir frá Háskólanum á Akureyri og sinna störfum sínum þar af einstakri reisn, fagmennsku, alúð og ósérhlífni. Sömu eiginleikana fann ég einnig hjá hjúkrunarnemunum sem störfuðu þar undir leiðsögn. Ég er einstaklega stoltur af því góða fagfólki sem háskólinn hefur brautskráð og starfar nú á heilbrigðistofnunum um allt land.

